Sá sem hindrar eða stöðvar upplýsingaflæði eða aðgengi að þeim sem taka ákvarðanir.

gatekeeper

dægurgengi *hk.*

stundargengi

spot exchange rate, spot rate

dægurmarkaður *kk.*

stundarmarkaður

spot market

dægurverð *hk.*

stundarverð

spot price

E

EB¹ *skst.*

Evrópubandalagið

Sú stoð Evrópusambandsins (stoð 1) sem lýtur að efnahagssamstarfi. Hét Efnahagsbandalag Evrópu til ársins 1993.

EC¹, European Community

EB² *skst.*

Evrópubandalögin

Efnahagsbandalag Evrópu, Kola- og stálbandalag Evrópu og Kjarnorkubandalag Evrópu. Stofnanir bandalaganna þriggja voru sameinaðar 1967. Við stofnun Evrópusambandsins 1993 mynduðu þau fyrstu stoð sambandsins.

EC², European Communities

EBE *skst.*

Efnahagsbandalag Evrópu

Stofnað með Rómarsáttmála 1957. Starfrækt undir þessu heiti til 1993.

→ *Evrópubandalagið*

EEC, European Economic Community

Edgeworth-rammi *kk.*

Edgeworth box

eðalmálmur *kk.*

Gull eða silfur, ekki í myntformi, notað sem gjaldmiðill eða til að varðveita verðmæti. Dæmi: gullstangir.

bullion

eðalmynt *kv.*

Mynt úr gulli eða silfri.

→ *mynt*

specie

eðlilegur aðgerðartími

?normaltími

normal time

eðlislæg einkasala

náttúrleg einkasala

natural monopoly

eðlislægt atvinnuleysi

náttúrlegt atvinnuleysi

natural rate of unemployment

eðlislægur vöxtur

intrinsic growth

EES *skst.*

Evrópska efnahagssvæðið

EEA, European Economic Area

efnahags- *fl.*

efnahagslegur, hagfræðilegur, hagrænn
economic¹

Efnahags- og framfarastofnunin í París

OECD, Organization for Economic Cooperation and Development

efnahagsaðgerðir *kv. ft.*

economic policy measures

efnahagsáfall *hk.*

economic shock

Efnahagsbandalag Evrópu*EBE*

Stofnað með Rómarsáttmála 1957. Starfrækt undir þessu heiti til 1993.

→ *Evrópubandalagið***EEC, European Economic Community****efnahagsbati** *kk.***economic recovery****efnahagsframvinda** *kv.**efnahagsþróun, hagþróun***economic development****efnahagshorfur** *kv. ft.***economic outlook****efnahagshvati** *kk.**hagrænn hvati***economic incentive****efnahagsjafnvægi** *hk.**jafnvægi í þjóðarbúskap***macroeconomic equilibrium****efnahagskerfi** *hk.**efnahagsskipan, hagkerfi, hagskipulag***economic system, economy¹****efnahagskönnun** *kv.*

Heildarkönnun á efnahagsstarfsemi.

economic census**efnahagsleg heimsvaldastefna****economic imperialism****efnahagsleg kjörstaða****economic optimum****efnahagsleg samþjöppun****economic concentration****efnahagsleg velferð****economic welfare****efnahagslegur** *lo.**efnahags-, hagfræðilegur, hagrænn***economic¹****efnahagslíf** *hk.***economy²****efnahagslægð** *kv.***recession****efnahagslögmál** *hk.**hagrænt lögmál***economic law****efnahagslögsaga** *kv.***EEZ, exclusive economic zone****efnahagsreikningur** *kk.* (í reikningshaldi)**balance sheet****efnahagssamstarf** *hk.**efnahagssamvinna***economic cooperation****efnahagssamvinna** *kv.**efnahagssamstarf***economic cooperation****efnahagsskipan** *kv.**efnahagskerfi, hagkerfi, hagskipulag***economic system, economy¹****efnahagsslaki** *kk.*

Vannýtt framleiðslugeta í hagkerfinu.

economic slack**efnahagsstarfsemi** *kv.**efnahagssumsvif***economic activity²****efnahagsstefna** *kv.***economic policy, macroeconomic policy****efnahagsstjórn** *kv.**hagstjórn***economic management****efnahagsstærð** *kv.**hagstærð***economic aggregate****efnahagssumræða** *kv.***economic debate****efnahagssumsvif** *hk. ft.**efnahagsstarfsemi***economic activity²****efnahagsþrengingar** *kv. ft.**hörgultímar***austerity****efnahagsþróun** *kv.**efnahagsframvinda, hagþróun***economic development****efnahagsþvinganir** *kv. ft.*→ *hafnbann, refsiaðgerðir, viðskiptabann***economic sanctions**

efniseftirlit *hk.*

birgðaeftirlit, efnisstýring

material control

efnislisti *kk.* (í framleiðslufræði)

uppskrift

bill of materials, BOM

efnismeðferð *kv.* (í framleiðslufræði)

efnismeðhöndlun

material handling

efnismeðhöndlun *kv.* (í framleiðslufræði)

efnismeðferð

material handling

efnisstjórnun *kv.* (í framleiðslufræði)

material management

efnisstýring *kv.*

birgðaeftirlit, efniseftirlit

material control

efra hámark

supremum

eftir á

a posteriori; ex post

eftir skatta

Að frádregnum tekjuskatti.

after tax

eftirkaupahegðun *kv.* (í markaðsfræði)

postpurchase behavior

eftirlaun *hk. ft.*

pension¹

eftirlaunakerfi *hk.*

pension plan¹, pension scheme, retirement plan

eftirlaunakerfi almannatrygginga

social-security pension scheme

eftirlaunasjóður *kk.*

retirement fund

eftirlaunaskið *hk.*

retirement¹

eftirlit *hk.*

supervision

eftirlits- og stjórnkerfi

governance structure

eftirlitsleikur *kk.* (í leikjafraði)

inspection game

eftirlitsmaður *kk.*

umsjónarmaður

supervisor¹

eftirlitsstarfsemi *kv.*

controlling

eftirmarkaður¹ *kk.* (í markaðsfræði)

Sá markaður sem vænta má að skapist fyrir þjónustu og varahluti við sölu tiltekinnar framleiðsluvöru.

after market¹

eftirmarkaður² *kk.* (í verðbréfavíðskiptum)

endursölumarkaður¹

Markaður fyrir verðbréf sem myndast í kauphöll eða utan hennar eftir að bréfin hafa verið boðin út til almennings.

after market², secondary market

eftirspurn *kv.*

demand¹

eftirspurn á markaði

market demand

eftirspurnarfall *hk.*

demand function

eftirspurnarferill *kk.*

demand curve

eftirspurnarferill vinnuafis

labor-demand curve

eftirspurnarhagstjórn *kv.*

Efnahagsstefna eða -aðgerð sem beinist að eftirspurnarhlíð markaðar.

→ *framboðshagstjórn*

demand-side policies

eftirspurnarhlíð *kv.*

demand side

eftirspurnarhnykkur *kk.*

eftirspurnarrykkur

demand shock

eftirspurnarlínurit *hk.*

eftirspurnartafla

demand schedule

eftirspurnarlögmál *hk.*

law of demand

eftirspurnarnæmi *hk.*

eftirspurnarteygni, næmi eftirspurnar

elasticity of demand

eftirspurnarrykkur *kk.*

eftirspurnarhnykkur

demand shock
 eftirspurnarstjórn *kv.*
demand management
 eftirspurnarsveiflur *kv. ft.*
demand fluctuations
 eftirspurnartafla *kv.*
eftirspurnarlínurit
demand schedule
 eftirspurnarteygni *kv.*
eftirspurnarnæmi, næmi eftirspurnar
elasticity of demand
 eftirspurnartruflun *kv.*
demand disturbance
 eftirspurnarverðbólga *kv.*
demand-pull inflation
 eftirspurnarþensla *kv.*
demand pressure
 eftirstöðvar *kv. ft.*
*afgangur*¹
balance¹
 ehf. *skst.*
 Skammstöfun fyrir *einkahlutafélag*.
 Samsvarandi skammstöfun í Bretlandi
 er *ltd.* en *Inc.* í Bandaríkjunum.
 Sjá *einkahlutafélag*.
 eigandatekjur *kv. ft.*
proprietor's income
 eigandi *kk.*
owner, proprietor
 eigið fé¹
capital¹, **equity**¹, **equity capital**²
(am.), owners' equity
 eigið fé² (í reikningshaldi)
bókfært virði, hrein eign
 Bókfært virði fyrirtækis, þ.e. eignir fyr-
 irtækis að frádregnum skuldum skv.
 bókhaldi. Það samsvarar eigin fé fyrir-
 tækis.
net assets, net worth
 eigið hlutabréf
 Hlutabréf í fyrirtæki í eigu fyrirtækisins
 sjálfs.
reacquired stock, treasury stock
(am.)

eigið íbúðarhúsnæði
 Íbúðarhúsnæði sem eigandi býr í.
owner-occupied dwelling
 eigið verðgildi
eiginlegt virði
intrinsic value¹
 eigin laun
 Laun í einstaklingsfyrirtæki.
owner income
 eigin víxill
promissory note¹
 eignaðhverft tímaraðarlíkan
sjálfhverft líkan
AR model, autoregressive model
 eignaðhverfur *lo.*
sjálfsaðhverfur
autoregressive
 eigindleg aðferð
qualitative method
 eigindlegur *lo.*
qualitative
 eiginfjárgengi *hk.*
 Hlutfall milli markaðsvirðis hlutafjár
 og bókfærðs virðis eigin fjár.
market-to-book ratio
 eiginfjárhlutfall *hk.*
equity ratio
 eiginfjárkostnaður *kk.*
 Kostnaður af notkun eigin fjár.
cost of equity
 eiginfjárstuðull *kk.*
 Heildareignir sem hlutfall af eigin fé.
equity multiplier
 eiginfylgni *kv.* (í tölfræði)
sjálffylgni, sérfylgni
 Fylgni milli hendinga í sama slembi-
 ferli.
autocorrelation, serial correlation
 eigingildi *hk.*
characteristic value, eigenvalue
 eiginlegt virði
eigið verðgildi
intrinsic value¹
 eiginrúm *hk.* (í stærðfræði)
characteristic space

eignsamdreifni *kv.* (í tölfræði)

autocovariance

eiginvektor *kk.*

eiginvigur

characteristic vector, eigenvector

eiginvigur *kv.*

eiginvektor

characteristic vector, eigenvector

eign *kv.*

→ *eignir*¹

asset; property

eigna- eða skuldaskiptasamningur

swap agreement

eigna- eða skuldaskipti

kvaðaskipti

swap

eignadreifing *kv.*

asset diversification

eignahalli *kk.*

Það þegar skuldir eru hærri en eignir.

insolvency¹

eignalíkan *hk.*

eignasafnslíkan

portfolio-balance model

eignalosun *kv.*

Það þegar fyrirtæki selur einstakar eignir.

disinvestment

eignareikningur *kk.*

asset account

eignarhald *hk.*

ownership, proprietorship

eignarhaldsfélag *hk.*

forráðafélag

holding company (br.)

eignarleif *kv.*

lokavirði

Virði eignar í lok tiltekinn tíma.

residual value

eignarleiga *kv.*

Leiga á lausafé eða fasteign gegn umsömdu gjaldi um tiltekinn tíma. Leigusali telst eigandi eignar en leigutaki hefur afnotarétt af henni á leigutíma og

samkvæmt samningi ýmist eignar- eða afnotarétt að samningstíma liðnum.

→ *kaupleiga*

leasing

eignarnám *hk.*

expropriation

eignarréttur¹ *kk.*

property right, proprietary right

eignarréttur² *kk.*

title¹

eignarskattur *kk.*

wealth tax

eignasafn *hk.*

portfolio¹

eignasafnsáhætta *kv.*

portfolio risk

eignasafnsgreining *kv.*

portfolio analysis

eignasafnslíkan *hk.*

eignalíkan

portfolio-balance model

eignasala *kv.*

retirement of assets

eignatekjur *kv. ft.*

property income

eignatílfærsla *kv.*

wealth transfer

eignaumsýslufélag *hk.*

investment trust (br.), trust company (am.)

eignaupptaka *kv.*

confiscation, seizure

eignfæra *so.*

capitalize

eignfært virði

capitalized value

eignir¹ *kv. ft.* (í reikningshaldi)

→ *eign*

assets

eignir² *kv. ft.*

*fjármunir*²

resources

eilífðarbréf¹ *hk.*

*ævarandi skuldabréf*¹

Bresk ríkisskuldabréf sem hafa engan

- ákveðinn lokagjalddaga.
consol (*br.*), **consolidated annuity** (*br.*)
- eilífðarbréf**² *hk.*
*ævarandi skuldabréf*²
 Skuldabréf sem bera vexti um aldur og ævi en greiðast aldrei upp.
perpetual bond, perpetuity¹
- eilífðargreiðslur** *kv. ft.*
síffella, sígreiðslur
 Óendanleg röð af jöfnum greiðslum.
perpetuity²
- eindagi** *kk.*
 Síðasti dagur eftir gjalddaga sem greiða má skuld án þess að á hana falli dráttarvextir.
final due date
- eindahagfræði** *kv.*
*deildarhagfræði, hageindafraði, ?rekstrarhagfræði*²
microeconomics, price theory
- einfaldað form**
reduced form
- einfaldað jöfnukerfi**
reduced-form model
- einfaldir vextir**
simple interest
- einföld aðhvarfsaðferð**
venjuleg aðferð minnstu fervika, venjuleg aðhvarfsaðferð
OLS, ordinary least squares method
- eingengur** *lo.*
óhverfanlegur
irreversible¹
- eingerð** *kv.*
einsleitni
homogeneity
- eingerður** *lo.*
einsleitur, samkynja, samleitur
homogeneous
- eingreiðsla** *kv.*
lump-sum payment
- eingreiðslubréf** *hk.*
bullet bond
- eingreiðslulán** *hk.*
 Lán sem greiða ber í einu lagi í lok láns-
 tíma.
bullet loan
- eingreiðsluskattur** *kk.*
 Skattur greiddur í einni greiðslu, óháður tekjum.
lump-sum tax
- einhlíða** *lo.*
unilateral
- einhlíða aðgerð** (í stjórnunarfræði)
unilateral action
- einhlíða próf**
one-tail test
- einhlíða skuldbinding** (í leikjafraði)
unilateral commitment
- eining** *kv.*
unit
- eining í hagkerfi**
hageining
economic institution
- einingaframleiðsla** *kv.*
unit production
- einingarkostnaður** *kk.*
unit cost
- einingarnæmi** *hk.* (í eindahagfræði)
einingarteygni
unitary elasticity
- einingarskattur** *kk.*
unit tax
- einingarteygni** *kv.* (í eindahagfræði)
einingarnæmi
unitary elasticity
- einingarvara** *kv.*
numéraire commodity
- einka- og samneysla** (í þjóðhagsreikningum)
final consumption expenditure
- einkadreifing** *kv.*
exclusive distribution
- einkaeigandi** *kk.*
sole proprietor
- einkaeign** *kv.*
private property
- einkafjármagn** *hk.*
private capital

einkafjármögnun *kv.*

private finance initiative

einkaframtak *hk.*

einkarekstur

Atvinnustarfsemi einstaklinga eða fyrirtækja í einkaeign.

→ *opinber rekstur*

private enterprise

einkafyrirtæki *hk.*

private firm, privately owned company

einkageiri *kk.*

private sector

einkagæði *hk. ft.*

private good

einkahlutafélag *hk.*

Einkahlutafélag samkvæmt íslenskum lögum á sér ekki nákvæma samsvörun í breskum eða bandarískum hlutafélagalögum.

→ *almenningshlutafélag, ehf., hf., lokað hlutafélag, opið hlutafélag*

closed company, private limited company

einkaleyfi *hk.*

patent

einkaneysla¹ *kv.* (í þjóðhagsreikningum)

household final consumption

einkaneysla² *kv.*

private consumption

einkarekstur *kk.*

**einkaframtak*

→ *opinber rekstur*

private enterprise

einkaréttargreiðsla *kv.*

afnotagreiðsla, höfundarréttargreiðsla

Greiðsla fyrir afnot af tilteknum réttindum, t.d. höfundarrétti, útgáfurétti, einkarétti o.þ.h.

royalty

einkaréttur *kk.*

exclusive right, sole right

einkaritari *kk.*

personal assistant, private secretary

einkasala *kv.*

einokun

monopoly

einkasali *kk.*

monopolist

einkasölugróði *kk.*

einkasöluhagnaður, einokunargróði

monopoly profit

einkasöluhagnaður *kk.*

einkasölugróði, einokunargróði

monopoly profit

einkasölujafnvægi *hk.*

Jafnvægi við skilyrði einkasölu.

monopoly equilibrium

einkasöluleyfi *hk.*

sérleyfi

Einkaréttur sem framleiðandi vöru veitir umboðsmanni eða tilteknum seljanda til að dreifa henni á tilteknu svæði.

franchise

einkasölurenta *kv.*

monopoly rent

einkasölusamkeppni *kv.*

monopolistic competition

einkasöluvald *hk.*

einokunarvald

monopoly power

einkaumboð *hk.*

exclusive agency, sole agency

einkaupasamningur *kk.*

exclusive dealing agreement

einkaútgáfa verðbréfa

lokað útbod verðbréfa

Verðbréfaútgáfa boðin völdum fjárfestum og yfirleitt ekki skráð á opinberu verðbréfaþingi.

private placement

einkavæða *so.*

privatize

einkavæðing *kv.*

privatization

einkeypi *hk.*

Sú aðstaða að kaupandi er aðeins einn.

monopsony

<p>einokun <i>kv.</i> <i>einkasala</i> monopoly</p> <p>einokunargróði <i>kk.</i> <i>einkasölugróði, einkasöluhagnaður</i> monopoly profit</p> <p>einokunarhringur <i>kk.</i> <i>hringur, verðsamtök</i> Samtök um samkeppnishömlur. cartel</p> <p>einokunarvald <i>hk.</i> <i>einkasöluvald</i> monopoly power</p> <p>einsfærisleikur <i>kk.</i> (í leikjafræði) Leikur þar sem þátttakandi fær aðeins eitt tækifæri. one-shot game</p> <p>einsleit markaðsfærsla <i>einsleit markaðssetning</i> undifferentiated marketing</p> <p>einsleit markaðssetning <i>einsleit markaðsfærsla</i> undifferentiated marketing</p> <p>einsleit vara homogeneous product</p> <p>einsleitni <i>kv.</i> <i>ingerð</i> homogeneity</p> <p>einsleitni dreifna (í tölfræði) Það að dreifni er sú sama þegar tölfræðileg greining nær til athugana sem eru gerðar á ólíkum hópum. homoscedasticity</p> <p>einsleitt fall homogeneous function</p> <p>einsleitt framleiðslufall homogeneous production function</p> <p>einsleitur <i>lo.</i> <i>ingerður, samkynja, samleitur</i> homogeneous</p> <p>einstaklingsfyrirtæki <i>hk.</i> sole proprietorship, sole trader, unincorporated enterprise</p> <p>einstaklingshyggja <i>kv.</i> individualism</p>	<p>einstaklingur <i>kk.</i> → <i>lögpersóna</i> natural person (í lagamáli)</p> <p>eitækur <i>lo.</i> (í stærðfræði) injective, one-to-one</p> <p>einvígi <i>hk.</i> (í leikjafræði) duel</p> <p>einyrki <i>kk.</i> own-account worker</p> <p>eitrað peð (í fjármálum) poison pill</p> <p>eitt verð Sjá <i>lögmálið um eitt verð.</i></p> <p>eka <i>kv., ft. ekur</i> Mynteining Evrópusambandsríkja, vegin saman af gjaldmiðlum 12 landa, þ.e. annarra en Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar. Evra leysti eku af hólmi 1. janúar 1999. → <i>evra</i> ECU, European Currency Unit</p> <p>ekla <i>kv.</i> <i>hörgull, skortur, þurrð</i> dearth, scarcity, shortage</p> <p>embættismaður <i>kk.</i> → <i>ríkisstarfsmaður</i> senior civil servant, senior official</p> <p>endanleg not vöru og þjónustu (í þjóðhagsreikningum) final use of goods and services</p> <p>endanleg töf finite distributed lag</p> <p>endanlegur neytandi <i>endanlegur notandi</i> end user</p> <p>endanlegur notandi <i>endanlegur neytandi</i> end user</p> <p>endingartími¹ <i>kk.</i> (eignar) service life</p> <p>endingartími² <i>kk.</i> useful life</p> <p>endingartími birgða <i>birgðahaldstími</i> Tími sem birgðir endast.</p>
---	---

inventory period
endurbætur á vöru
product modification
endurfjárfesting *kv.*
reinvestment
endurfjárfesting hagnaðar
 Hagnaði er haldið eftir í fyrirtæki.
plowback
endurfjármagna *so.*
refinance (*br.*), **refund**¹ (*am.*)
endurfjármögnun *kv.*
refinancing (*br.*), **refunding** (*am.*)
endurflokka *so.*
reclassify
endurgjald *hk.*
requitted payment
endurgjöf *kv.*
viðgjöf
feedback
endurgreiddur skattur
*skattendurgreiðsla*¹
tax refund
endurgreiða *so.*
refund², **reimburse**, **repay**
endurgreiðsla *kv.*
reimbursement
endurgreiðsluáætlun *kv.*
repayment schedule
endurgreiðslutími *kk.*
payback period
endurgreiðslufirlit *hk.*
afborganayfirlit
amortization schedule
endurhverf viðskipti
reversible deal
endurhönnun verks
work redesign
endurkaup *hk. ft.*
buy-back
endurkaup hlutabréfa
 Það þegar félag kaupir aftur eigin hlutabréf.
stock repurchase
endurkaupasamningur *kk.*
 Samningur um að selja verðbréf með

þeim skilmálum að kaupa þau aftur síðar á umsömdu verði á tilteknum degi. Slíkur samningur er ígildi lánsviðskipta.
repo, REPO, repurchase agreement, repurchase contract, RP
endurkaupaskuldbinding *kv.*
repurchase obligation
endurkaupavextir *kk. ft.*
repo rate
endurkaupsverð *hk.*
replacement cost
endurkröfuréttur *kk.*
recourse
endurleiga *kv.*
 Það þegar eigandi selur fjármögnunarleigufyrirtæki eign sína og leigir hana síðan aftur af fyrirtækinu.
leaseback, sale-and-leaseback
endurmat *hk.*
reevaluation¹
endurmat birgða
stock appreciation
endurmatsreikningur *kk.*
reevaluation account
endurmeta *so.*
revalue
endurnýja¹ *so.* (um lán, samning o.þ.h.)
renew, replace¹
endurnýja² *so.*
replace²
endurnýjanleg auðlind
renewable resource
endurnýjun¹ *kv.* (um lán, samning o.þ.h.)
renewal¹
endurnýjun² *kv.* (um ápreifanlega hluti)
replacement²
endurnýjunarfjárfesting *kv.*
replacement investment
endurnýjunarhlutfall *hk.*
replacement rate
endurnýjunarsala *kv.*
 Sala í stað úreltrar vöru.
replacement sale

endurnýjunarverð <i>hk.</i> replacement value	endurskoðunarstaðall <i>kk.</i> *endurskoðunarreglur
endurpöntunarkerfi <i>hk.</i> (í framleiðslu- fræði)	auditing standards
bin reserve system	endurskoðunartímabil <i>hk.</i> audit period
endurskipting tekna income redistribution	endurskoðunarúrtak <i>hk.</i> audit sampling
endurskipulagning <i>kv.</i> <i>skipulagsbreyting</i>	endurskoðunarvenjur <i>kv. ft.</i> auditing practices
reorganization	endursölumarkaður ¹ <i>kk.</i> (í verðbréfa- viðskiptum) <i>eftirmarkaður</i> ²
endurskipulagning fjárhags <i>fjárhagsleg endurskipulagning</i>	Markaður fyrir verðbréf sem myndast í kauphöll eða utan hennar eftir að bréfin hafa verið boðin út til almennings.
financial reconstruction, financial re- structuring	after market², secondary market
endurskoðandi <i>kk.</i> accountant², auditor	endursölumarkaður ² <i>kk.</i> (í markaðs- fræði)
endurskoðun <i>kv.</i> audit, auditing	Markaður seljenda sem kaupa vöru til að selja eða leigja þær að nýju með hagnaði.
endurskoðunaraðferð <i>kv.</i> Aðferðafræði við bókhald og reiknings- skil.	reseller market
auditing method	endurtekið úrtak repeated sample
endurskoðunaraðferðir <i>kv. ft.</i> Verklagsreglur fyrir störf endurskoð- enda.	endurtekin sala repeat sale
auditing procedures	endurtekinn leikur (í leikjafraði) repeated game
endurskoðunaráhætta <i>kv.</i> audit risk	endurtrygging <i>kv.</i> reinsurance
endurskoðunaráætlun <i>kv.</i> audit strategy	endurtryggja <i>so.</i> reinsure
endurskoðunarfræði <i>kv.</i> auditing theory	endurtæk áætlun Áætlun sem endurtekur sig.
endurskoðunarfyrirmæli <i>hk. ft.</i> audit program	rolling schedule
endurskoðunargögn <i>hk. ft.</i> audit evidence	endurvarpsáhrif <i>hk. ft.</i> repercussion effect
endurskoðunarreglur <i>kv. ft.</i> <i>endurskoðunarstaðall</i>	Engelsferill <i>kk.</i> <i>úþenslubraut</i>
Samræmdar reglur um aðferðir endur- skoðenda.	Ferill sem sýnir samband milli tekna einstaklings og neyslu tiltekinnar vöru.
auditing standards	Engel curve
endurskoðunarskýrsla <i>kv.</i> auditor's report²	enska söguspekin í hagfræði English historical school
endurskoðunarslóð <i>kv.</i> audit trail	

erfðafjárhrif *hk. ft.*

bequest effect

erfðafjárskattur *kk.*

bequest tax (um bréfarf); **inheritance tax** (um lögarf)

erfðavenjuvald *hk.*

traditional power

erindrekavandi *kk.*

umboðsvandi

principal-agent problem

erlend fjárfesting

fjárfesting erlendra aðila

foreign investment

erlendar langtímaskuldir

long-term foreign debt

erlendar skuldir

external debt, foreign debt

erlendar skuldir ríkisins

external government debt

erlendur galdeyrir

foreign currency, foreign exchange

erlendur markaður

foreign market

erlendur verkamaður

guest worker

erlent skuldabréf

→ *innlent skuldabréf*

foreign bond

erlent vinnuafli

foreign labor

ESB *skst.*

Evrópusambandið

EU, European Union

Eulersregla *kv.*

Regla Eulers um eingerð föll.

Euler's theorem

evra *kv.*

Sameiginlegur gjaldmiðill 11 Evrópusambandsríkja sem tók gildi frá 1. janúar 1999 og leysti þá ekuna af hólmi.

→ *eka*

euro

evrópsk vilnun

Vilnun sem gildir eingöngu á ákveðnum degi.

→ *bandarísk vilnun*

European option

Evrópska efnahagssvæðið

EES

EEA, European Economic Area

Evrópska myntkerfið

EMS, European Monetary System

evrópska reikningseiningin

EUA, European unit of account

Evrópski fjárfestingarbankinn

EIB, European Investment Bank

Evrópubandalagið *hk.*

EB¹

Sú stoð Evrópusambandsins (stoð 1) sem lýtur að efnahagssamstarfi. Hét Efnahagsbandalag Evrópu til ársins 1993.

EC¹, European Community

Evrópubandalögin *hk. ft.*

EB²

Efnahagsbandalag Evrópu, Kola- og stálbandalag Evrópu og Kjarnorkubandalag Evrópu. Stofnanir bandalaganna þriggja voru sameinaðar 1967. Við stofnun Evrópusambandsins 1993 mynduðu þau fyrstu stoð sambandsins.

EC², European Communities

Evrópumarkaður *kk.*

Euromarket

Evrópumynt *kv.*

Eurocurrency

Evrópusambandið *hk.*

ESB

EU, European Union

eyða *so.*

verja²

spend

eyðing *kv.*

tæming

depletion²

eyðsla *kv.*

spending

eyðslufrávik *hk.* (í kostnaðarbókhaldi)

spending variance

eyðslukast *hk.*
spending spree

eyrnamerkur *lo.*
*markaður*²
earmarked

F

F-dreifing *kv.*
F-distribution

f.h. *skst.*
fyrir hönd
per pro, pp

faglærður starfsmaður
iðnaðarmaður
skilled worker

faldmeðaltal *hk.*
rúmfræðilegt meðaltal
N-ta rótin af margfeldi *n* jákvæðra stærða.
geometric mean

fall *hk.* (í stærðfræði)
function

falla í gjalddaga
gjaldfalla
mature

fallform *hk.*
functional form

fallin vara (í markaðsfræði)
 Vara sem selst treglega.
product failure

fallinn í gjalddaga
í vanskilum
overdue

fallvensl *hk. ft.*
functional relation

fals *hk.*
fjársvik
fraud

fangaklípa *kv.* (í leikjafræði)
vandi fangans
prisoner's dilemma

fara á eftirlaun
 Láta af störfum sökum aldurs.
retire¹

farandsala *kv.*
heimilissala
direct selling¹, **door-to-door retailing**

farandsali *kk.*
commercial traveler, traveler, traveling salesman

farandverkamaður *kk.*
migrant worker

farmbréf *hk.*
farmskírteini
bill of lading

farmskírteini *hk.*
farmbréf
bill of lading

fast gengi
fixed exchange rate

fast gjald
fast verð
flat rate

fast verð
fast gjald
flat rate

fast verðlag
?staðvirði, fastaverð
 → á föstu verðlagi
constant prices

fastafé *hk.* (í reikningshaldi og þjóðhagsreikningum)
fastafjármunir
fixed assets, fixed capital

fastafjármunir *kk. ft.*
fastafé

- fixed assets, fixed capital** (í reikningshaldi og þjóðhagsreikningum); **physical capital** (í þjóðhagfræði)
- fastahalli** *kk.*
kerfishalli á ríkissjóði
- structural budget deficit, structural deficit**
- fastanefnd** *kv.* (í utanríkisþjónustu)
permanent delegation
- fastaneysla** *kv.*
neysla óháð tekjum
- autonomous consumption**
- fastapunktssetning** *kv.*
fixed-point theorem
- fastasummuleikur** *kk.* (í leikjafræði)
Leikur þar sem heildaruppskera þátttakenda er fasti.
- constant sum game**
- fastaverð** *hk.*
?staðvirði, fast verðlag
→ á föstu verðlagi
- constant prices**
- fastbundið samkomulag**
bindandi samkomulag
- binding agreement**
- fasteign** *kv.*
real estate, real property, realty (*am.*)
- fasteignamat** *hk.*
real estate assessment, real estate valuation
- fasteignaskattur** *kk.*
council tax (*br.*), **property tax** (*am.*), **rates** (*br.*), **real estate tax**
- fasteignaveð** *hk.*
mortgage¹
- fasteignaveðbréf** *hk.*
mortgage bond
- fasteignaveðlán** *hk.*
*veðlán*¹
Lán tryggt með veði í fasteign.
- mortgage loan**
- fastgengiskerfi** *hk.*
pegged exchange rate system
- fastheldnisferill** *kk.* (í framleiðslufræði)
Líkur á samþykkt sendingar sem fall af gallahlutfalli.
- OC curve, operating characteristic curve**
- fastlaunasamningur** *kk.*
fixed-wage contract
- fastur** *lo.*
*stöðugur*¹
- stable**
- fastur kostnaður**
fixed cost
- fastverðslíkan** *hk.*
verðtregðulíkan
- fix-price model**
- fákeppni** *kv.*
oligopoly
- fákeppnishegðun** *kv.*
oligopolistic behavior
- fákeppnislíkan Bertrands**
Bertrand oligopoly model
- fákeypi** *hk.*
Sú staða að aðeins er um fáa kaupendur að ræða.
- oligopsony**
- fátækt** *kv.*
örbirgð
- poverty**
- fátæktargildra** *kv.*
lágtekjugildra
- poverty trap**
- fátæktarhagvöxtur** *kk.*
immiserizing growth
- fátæktarmörk** *hk. ft.*
poverty line
- fegrún** *kv.* (t.d. ársreiknings)
window-dressing
- fegrúnarfé** *hk.*
Kostnaður við að fullvissa viðsemjendur um að staðið verði við gerða samninga.
- bonding cost**
- ferðaávísun** *kv.*
ferðatékki
- traveler's check**
- ferðatékki** *kk.*
ferðaávísun

traveler's checkferðaútvegur *kk.**ferðaþjónusta***tourism, tourist industry**ferðaþjónusta *kv.**ferðaútvegur***tourism, tourist industry**ferilkort *hk.***flow-process chart**

ferill tekjukosta

*tekjujaðar, tekjumörk***income possibility curve**ferli¹ *hk.* (í framleiðslufræði)*aðferð***process¹**ferli² *hk.* (í framleiðslufræði)*leið***routing**ferlisblað *hk.*

Eyðublað sem sýnir niðurröðun aðgerða vélar.

routing sheetferlisfyrirkomulag *hk.**ferlisskipulag***process layout**ferlishönnun *kv.***process design**ferliskort *hk.*

Kort sem lýsir ferli.

process chartferlisskipulag *hk.**ferlisfyrirkomulag***process layout**ferma *so.**hlaða***load³**ferningsfall *hk.**annars stigs fall***quadratic function**ferningsform *hk.***quadratic form**ferningsfylki *hk.***square matrix**ferningsrót *kv.**kvaðratrót***square root**ferningstala *kv.**fertala, kvaðrat***square**fertala *kv.**ferningstala, kvaðrat***square**fervikagreining *kv.**breytileikagreining, dreifnigreining***analysis of variance, ANOVA**festa¹ *kv.**stöðugleiki***stability**festa² *so.*

Fastbinda gengi eða verð, t.d. í samningi.

fix, lock infé *hk.**peningar***money**

fé í húfi (í verðbréfaviðskiptum)

*áhættuvirði***value at risk**félag¹ *hk.**fyrirtæki***company**félag² *hk.**samtök, stofnun²***organization¹**félagi *kk.**samstarfsmaður***associate**félagsgjald *hk.**árgjald***membership fee, subscription¹**

félagsleg velferð

social welfare

félagslegar bætur

social benefits

félagslegar íbúðir

*félagslegt íbúðarhúsnæði***public housing, social housing**

félagslegt íbúðarhúsnæði

*félagslegar íbúðir***public housing, social housing**

félagslegt leiguhúsnæði

Húsnæði á vegum sveitarfélags sem jafnframt greiðir niður húsaleigu leigjenda.

council housing (*br.*)

félagslegur jaðarábati

marginal social product

félagslegur kostnaður

þjóðhagslegur kostnaður

social cost

félagsmótun *kv.* (í stjórnumunarfræði)

socialization

félagssálfræðilegur *lo.*

sociopsychological

firmerki *hk.*

nafnmerki

Merki eða auðkenni fyrirtækis.

logo

firing *kv.*

alienation

fiskbeinarit *hk.*

orsaka- og afleiðingarit

cause-and-effect diagram, fishbone chart, fishbone diagram, Ishikawa chart

fiskihagfræði *kv.*

fisheries economics

fiskiskipafloki *kk.*

fishing fleet

fiskistofn *kk.*

fish stock

fiskveiðilögsaga *kv.*

fisheries jurisdiction

fiskveiðistjórn *kv.*

fisheries management

fínstilling *kv.*

fine-tuning

fjaldalaregla *kv.*

maximin theorem

fjandsamleg ráðataka

fjandsamleg yfirtaka

Yfirtaka gegn vilja þess fyrirtækis sem keypt er.

hostile takeover

fjandsamleg yfirtaka

**fjandsamleg ráðataka*

hostile takeover

fjandsamlegur samruni

hostile merger

fjareignarhald *hk.*

Eignarhald fjarstaddra manna.

absentee ownership

fjarlægðarfall *hk.*

distance function

fjarsala *kv.*

Bein sala með pöntun gegnum síma, útvarp, tölvu, sjónvarp o.s.frv.

direct selling²

fjarvistir *kv. ft.*

skróp

absenteeism

fjərböðun *kv.*

peningaþvottur, peningaþvætti

money laundering

fjárdráttur *kk.*

embezzlement

fjáreign *kv.*

financial asset

fjárfesting¹ *kv.* (í þjóðhagsreikningum)

capital formation

fjárfesting² *kv.*

investment

fjárfesting án áhrifa

arm's-length investment

fjárfesting erlendra aðila

erlend fjárfesting

foreign investment

fjárfesting hins opinbera

public investment

fjárfesting í íbúðarhúsnæði

residential investment

fjárfestingarákvörðun *kv.*

investment decision

fjárfestingaráætlun *kv.*

capital budget

fjárfestingarbanki *kk.*

investment bank (*am.*), **merchant bank** (*br.*)

fjárfestingarfall <i>hk.</i>	investment function	tax year
fjárfestingarfélag <i>hk.</i>	closed-end fund, closed-end investment trust, investment company	fjárhagsáætlunargerð <i>kv.</i> (fyrir fyrirtæki)
fjárfestingargeta <i>kv.</i>	investment capacity	budgeting¹
fjárfestingarhlutfall <i>hk.</i>	investment ratio	fjárhagsáætlun <i>kv.</i>
fjárfestingarhreyfingar <i>kv. ft.</i>	investment activities	budget¹, financial plan, operating budget
fjárfestingarkostur <i>kk.</i>	investment opportunity	fjárhagsbókhald <i>hk.</i>
fjárfestingarlánasjóður <i>kk.</i>	investment credit fund, investment fund²	financial accounting
fjárfestingarmistök <i>hk. ft.</i>	malinvestment	fjárhagseftirlit <i>hk.</i>
fjárfestingarreikningur <i>kk.</i>	investment account	budgetary control
fjárfestingarsjóður <i>kk.</i>	investment fund¹	fjárhagsgreining <i>kv.</i>
fjárfestingarstaða <i>kv.</i>	investment position	financial analysis
fjárfestingarstefna <i>kv.</i>	investment policy	fjárhagshrun <i>hk.</i>
fjárfestingarstyrkur <i>kk.</i>	investment subsidy	financial collapse
fjárfestingarútgjöld <i>hk. ft.</i> (í fjármálum hins opinbera) → <i>rekstrarútgjöld</i>	capital expenditure	fjárhagsleg endurskipulagning
fjárfestingarvörur <i>kv. ft.</i>	capital goods, investment goods	<i>endurskipulagning fjárhags</i>
fjárfestir <i>kk.</i>	investor	financial reconstruction, financial restructuring
fjárflótti <i>kk.</i>	capital flight	fjárhagsleg vogun
fjárhagsár ¹ <i>hk.</i> (hjá hinu opinbera) <i>fjárлагаár</i>	financial year¹, fiscal year¹	<i>skuldsetningarhlutfall</i>
fjárhagsár ² <i>hk.</i> (hjá fyrirtækjum) <i>reikningsár, skattár</i>	financial year² (br.), fiscal year² (am.),	Hlutfall skulda af heildarfjármagni fyrirtækis.
		financial leverage
		fjárhagslegur ¹ <i>lo.</i>
		<i>fjármála-</i>
		financial
		fjárhagslegur ² <i>lo.</i>
		<i>peningalegur</i>
		monetary
		fjárhagsmál <i>hk. ft.</i>
		<i>fjárhagsmálefni</i>
		financial matters
		fjárhagsmálefni <i>hk. ft.</i>
		<i>fjárhagsmál</i>
		financial matters
		fjárhagsskuldbinding <i>kv.</i>
		liability¹
		fjárhagsspá <i>kv.</i>
		financial forecasting
		fjárhagsstaða <i>kv.</i>
		<i>fjárhagur</i>
		finances, financial position, financial standing

fjárhagur *kk.*

fjárhagsstaða

finances, financial position, financial standing

fjárhaldsmaður *kk.*

fjárörslumaður

trustee

fjárhæð *kv.*

amount

fjárhæli *hk.*

fjárskjól

financial shelter

fjárkrafa *kv.*

financial claim

fjárkúgun *kv.*

blackmail, extortion

fjárlagaafgangur *kk.* (í fjármálum hins opinbera)

afgangur af ríkisbúskap

budget surplus

fjárlagaár *hk.* (há hinu opinbera)

fjárhagsár¹

financial year¹, fiscal year¹

fjárlagafrumvarp *hk.*

fjárlög

budget², budget bill

fjárlagagerð *kv.*

budgeting²

fjárlagahalli *kk.*

budget deficit

fjárlagamargfaldari *kk.*

fjárlagastuðull

Margfaldari hallalausra fjárlaga.

balanced-budget multiplier

fjárlagastefna *kv.*

budgetary policy

fjárlagastuðull *kk.*

**fjárlagamargfaldari*

balanced-budget multiplier

fjárlosun *kv.*

Sala á hluta fyrirtækis.

divestment

fjárlög *hk. ft.*

fjárlagafrumvarp

budget², budget bill

fjárlög á föstu verðlagi

inflation-adjusted budget

fjármagn *hk.*

capital²

fjármagna *so.*

finance²

fjármagnsdýpkun *kv.*

Það þegar hlutur fjármagns í framleiðslu vex örrar en hlutur vinnuafis.

→ *fjármagnsvíkkun*

capital deepening

fjármagnsekla *kv.*

fjármagnsskortur

capital shortage

fjármagnsflótti *kk.*

fjárflótti

capital flight

fjármagnsfrekur *lo.*

capital-intensive

fjármagnsgnótt *kv.*

capital abundance

fjármagnshreyfingar *kv. ft.*

capital movements

fjármagnshöft *hk. ft.*

capital restrictions

fjármagnsjöfnuður *kk.* (í þjóðhagsreikningum)

balance on capital account, capital balance

fjármagnskostnaður¹ *kk.* (í reikningshaldi)

Afborganir af lánum, vaxtakostnaður og afskriftir.

capital charges

fjármagnskostnaður² *kk.* (í fjármálafræði)

capital cost, cost of capital

fjármagnsmarkaður *kk.*

capital market

fjármagnsreikningur *kk.* (í þjóðhagsreikningum)

capital account, capital transactions account

fjármagnsskattur *kk.*

capital tax

- fjármagnsskipan** *kv.*
fjármagnsuppbygging
 Samsetning fjármagns fyrirtækis, einkum hlutfall skulda og eigin fjár.
capital structure, financial structure
- fjármagnsskorður** *kv. ft.*
capital constraints
- fjármagnsskortur** *kk.*
fjármagnsekla
capital shortage
- fjármagnsskömmun** *kv.*
capital rationing
- fjármagnsstreymi¹** *hk.* (í alþjóðaviðskiptum og þjóðhagsreikningum)
capital flow
- fjármagnsstreymi²** *hk.* (í reikningshaldi)
statement of changes in financial position, statement of sources and application of funds
- fjármagnsstreymisreikningur** *kk.*
capital finance account
- fjármagnstekjur** *kv. ft.*
capital income
- fjármagnstekjuskattur** *kk.*
capital income tax
- fjármagnstillfærsla** *kv.* (í fjármálum hins opinbera)
 → *rekstrartillfærsla, tekjutillfærsla, tillfærsla²*
capital transfer
- fjármagnsuppbygging** *kv.*
 **fjármagnsskipan*
capital structure, financial structure
- fjármagnsútflytningur** *kk.*
capital exports
- fjármagnsviðskipti** *hk. ft.*
capital transactions
- fjármagnsvíkkun** *kv.*
 Það þegar notkun fjármagns og vinnuafis í framleiðslu vex samstiga.
 → *fjármagnsdýpkun*
capital widening
- fjármagnspörf** *kv.*
fjárþörf
capital requirements
- fjármál** *hk. ft.*
finance¹
- fjármál fyrirtækja**
corporate finance
- fjármál hins opinbera**
opinber fjármál²
 → *stefna í fjármálum hins opinbera*
public finance
- fjármál ríkisins**
ríkisbúskapur, ríkisfjármál
 → *opinber fjármál¹*
central government finances
- fjármál sveitarfélaga**
local government finances
- fjármála- fl.**
fjárhagslegur¹
financial
- fjármálaaðgerðir stjórnvalda**
aðgerðir í ríkisfjármálum
fiscal measures
- fjármálahvati** *kk.*
 Aðgerðir í ríkisfjármálum sem hvetja til aukinna umsvifa í efnahagslífi.
fiscal stimulus
- fjármálamarkaður** *kk.*
peninga- og lánamarkaður
finance market, financial market
- fjármálamiðstöð** *kv.*
fjármálastöð
financial center
- fjármálastefna** *kv.*
financial policy
- fjármálastefna stjórnvalda**
stefna í fjármálum hins opinbera, stefna í ríkisfjármálum
fiscal policy
- fjármálastjóri** *kk.*
 → *fjárreiðustjóri*
CFO, chief financial officer; comptroller, controller; financial manager
- fjármálastofnun** *kv.*
 Dæmi: banki, verðbréfafyrirtæki.
financial institution
- fjármálastöð** *kv.*
fjármálamiðstöð

- financial center**
fjármálaþjónusta *kv.*
 Starfsemi fjármálastofnana, s.s. banka og verðbréfafyrirtækja.
- financial intermediation**
fjármunabundnar tækniframfarir
 Tækniframfarir sem byggjast á nýrri fjárfestingu.
- capital-embodied technical progress, embodied technical progress**
fjármunaleiga *kv.* (í þjóðhagsreikningum)
 → *leiga á landi*
- rental**¹
fjármunamyndun *kv.*
fixed capital formation, fixed investment
- fjármunanoftkun** *kv. ft.* (í þjóðhagsreikningum)
afskriftir
capital consumption, capital consumption allowance, CCA, consumption of capital
- fjármunastofn** *kk.*
fjárstofn
capital stock¹
- fjármunastuðull** *kk.*
capital coefficient, capital-output ratio
- fjármunir**¹ *kk. ft.*
 Eignir sem fyrirtæki hefur fjárfest í til að framleiða vöru eða þjónustu.
capital³
- fjármunir**² *kk. ft.*
*eignir*²
resources
- fjármögnun** *kv.*
financing, funding
- fjármögnun með sölu hlutafjár**
equity financing
- fjármögnunaráhætta** *kv.*
financial risk
- fjármögnunarahreyfingar** *kv. ft.* (í reikningshaldi)
financing activities
- fjármögnunarleiga** *kv.*
 → *eignarleiga*
- finance leasing, financial leasing**
fjármögnunarleigusamningur *kk.*
finance lease, financial lease, leasing contract
- fjármögnunarskilmálar** *kk. ft.*
financing terms
- fjármögnunarstefna** *kv.*
financing policy
- fjárnám** *hk.*
 → *kyrrsetning, lögtak*
execution (skýr.)
- fjárreiðustjóri** *kk.*
treasurer¹
- fjárrenta** *kv.*
*vextir*¹
interest¹
- fjárskjól** *hk.*
fjárhæli
financial shelter
- fjárstofn** *kk.*
fjármunastofn
capital stock¹
- fjárstreymi**¹ *hk.* (í reikningshaldi, um hreint veltufé)
fund flow¹
- fjárstreymi**² *hk.* (í reikningshaldi)
 Yfirheiti um fjárstreymi ýmissa sjóða, s.s. flæði hreins veltufjár eða handbærs fjár.
fund flow²
- fjárstreymisyfirlit**¹ *hk.*
 Yfirlit yfir breytingar á hreinu veltufé.
fund-flow statement¹
- fjárstreymisyfirlit**² *hk.*
 Yfirhugtak um yfirlit yfir fjárstreymi.²
fund-flow statement²
- fjárstyrkur** *kk.*
allowance³, **grant**¹
- fjársvik** *hk. ft.*
fals
fraud
- fjárveiting** *kv.*
allocation¹, **appropriation**

fjárvörslumaður *kk.*

fjárhaldsmaður

trustee

fjárvörslusjóður *kk.*

Fé í vörslu fjárhaldsmanns.

trust fund

fjárþörf *kv.*

fjármagnsþörf

capital requirements

fjáröflun *kv.*

fund raising

fjölbankalán *hk.*

Lán sem tveir bankar eða fleiri veita saman einum lántakanda.

consortium loan, syndicated loan

fjöldaframleiðsla *kv.*

mass production

fjöldamarkaðssetning *kv.*

fjölmarkaðssetning

mass marketing

fjöldatala *kv.*

cardinal number

fjölengi *hk.*

Margföld gengisskráning.

multiple exchange rates

fjölengismarkaður *kk.*

multiple exchange market

fjölengisviðskipti *hk. ft.*

multiple currency practices

fjölgreinafyrirtæki *hk.*

fyrirtækjasamsteypa, sambreyskingur

conglomerate

fjölmarkaðssetning *kv.*

fjöldamarkaðssetning

mass marketing

fjölmarkmið *hk.*

multiple objective

fjölmiðlar *kk. ft.*

mass media

fjölmyntalán *hk.*

multicurrency credit

fjölraði *hk.*

pluralism

fjölsamlína *lo.*

margsamlína

multicollinear

fjölskyldutekjur *kv. ft.*

family income

fjölstofnaveiðar *kv. ft.*

margstofnaveiðar

multi-species fisheries

fjölvrufótur *kk.*

multicommodity standard

fjölþjóðafyrirtæki *hk.*

multinational corporation, multinational firm

fjölþjóðleg markaðssetning

international marketing

fjölþjóðlegt viðskiptasamkomulag

multilateral trade agreement

fjölþætt forráð

concurrent authority

fjölþætta *so.*

Auka fjölbreytni.

diversify

fjölþætting *kv.*

diversification

flakk *hk.* (í auðlindahagfræði, um dýrastofna)

migration¹

fleygur *kk.*

wedge

fleyta *so.*

Láta gengi fljóta.

float⁴ (um gengi gjaldmiðils)

fleytiverð *hk.*

skimming price

fléttun *kv.* (í hagrannsóknnum)

splasing

Það að flétta saman t.d. tímaröðum.

splicing

fléttuskipulag *hk.*

matrix organization

flíkunarneysla *kv.*

sýnineysla

conspicuous consumption

fljótandi *lo.* (m.a. um gengi gjaldmiðla)

floating

fljótandi gengi

flotgengi

floating exchange rate	flytja <i>so.</i>
flotgengi <i>hk.</i>	transfer ⁴
<i>fljótandi gengi</i>	flytja inn
floating exchange rate	import ²
flotvaxtabréf <i>hk.</i>	flytja út
Skuldabréf með breytilegum vöxtum.	export ²
floating rate note, FRN	flýta <i>so.</i> (í framleiðslufræði, um verk)
flotvaxtalan <i>hk.</i>	expedite
Lán með breytilegum vöxtum.	flýtiáfskrift <i>kv.</i>
floating rate loan	<i>flýtifyrning, hröðunarafrskrift</i>
flotvextir <i>kk. ft.</i>	accelerated depreciation
<i>breytilegir vextir</i>	flýtifyrning <i>kv.</i>
floating interest rate, floating rate, floating rate of interest	<i>flýtiáfskrift, hröðunarafrskrift</i>
flutningafræði <i>kv.</i>	accelerated depreciation
<i>flæðisstjórnun, vöruferlisstjórnun, vörustjórnun</i>	flýtikostnaður <i>kk.</i>
logistics	crash cost
flutningafylki <i>hk.</i>	flýtitími <i>kk.</i> (í framleiðslufræði, um verk- þátt)
activity matrix, process matrix	crash time
flutningalíkan <i>hk.</i>	flæði <i>hk.</i>
transportation model	flow ¹
flutningskort <i>hk.</i> (í framleiðslufræði)	flæðilína <i>kv.</i>
C-kanban, conveyance kanban	flow line
flutningskostnaðarpróf <i>hk.</i>	flæðirit <i>hk.</i>
Aðferð til að mæla stærð markaðssvæðis út frá flutningskostnaði vöru.	<i>leiðarit</i>
shipments test	Teiknuð mynd þar sem tákn eru notuð til þess að sýna m.a. aðgerðir, gögn, leiðarstefnu og tæki við skilgreiningu, greiningu eða lausn verkefnis.
flutningskostnaður ¹ <i>kk.</i>	flowchart, flow diagram
transportation cost	flæðisstjórnun <i>kv.</i>
flutningskostnaður ² <i>kk.</i> (í þjóðhagsreikningum)	<i>flutningafræði, vöruferlisstjórnun, vörustjórnun</i>
transport margin	logistics
flutningskostnaður aðfanga (í reikningshaldi)	flæðistærð <i>kv.</i>
transportation-in	<i>straumstærð</i>
flutningskostnaður afurða (í reikningshaldi)	flow ² , flow variable
transportation-out	flæðitími <i>kk.</i>
flutningslína <i>kv.</i>	flow time
transfer line	flökt <i>hk.</i>
flutningur <i>kk.</i>	<i>óstöðugleiki</i>
conveyance ³ , transportation	volatility
flutningur hagnaðar til heimalands	flöskuháls <i>kk.</i>
repatriation of earnings	bottleneck

forákvarðað líkan*fullvissulíkan, löggengt líkan***deterministic model****forðahlutakaup** *hk. ft.***reserve tranche purchase****forði** *kk.**verðmætaforði***store of value****forganga í verðlagningu***verðforganga, verðforysta***price leadership****forgangshlutfé** *hk.***preferred stock****forgangskrafa** *kv.***priority claim****forgangslánveiting** *kv.***priority lending****forgangsröðun** *kv.**afhjúpun notagildis***revelation of preferences****forgangsvinnuafli** *hk.**aðalvinnuafli***primary workers****forkaupsréttur** *kk.***preemption¹, preemption right, preemptive right****forkönnun** *kv.***pilot study****formbreyting eigna****asset transformation****formgalli** *kk. (í lagamáli)***technical error, technicality****formlegur** *lo.***technical¹****forráðafélag** *hk.**eignarhaldsfélag***holding company** *(br.)***forréttindalánskjör** *hk. ft.***privileged terms****forsagnarbreyta** *kv.**frumbreyta, hjábreyta, óháð breyta, skýribreyta*

Breyta sem notuð er í tölfræðilegu líkani til þess að skýra gildi háðrar breytu.

concomitant variable, covariate, explanatory variable, independent variable, predictor variable, regressor**forskriftarhagfræði** *kv.**gildislæg hagfræði, stefnuhagfræði***normative economics****forstjóri** *kk.**framkvæmdastjóri*

Heiti stjórnenda fyrirtækja, jafnt á íslensku og ensku, eru á ýmsa vegu og ráðast oft af hefð innan hvers fyrirtækis.

CEO, chief executive officer, executive director, general manager, managing director; director¹, president**forstöðumaður** *kk.*

Sá sem stýrir stofnun eða ríkisfyrirtæki.

director²**forvaxtareikningur** *kk.***discounting²****forverarit** *hk.***precedence diagram****forvextir** *kk. ft.***discount interest rate, discount rate****forystubanki** *kk.*

Fjármálastofnun sem hefur forystu um lánsfjáröflun.

lead manager**forystuhafi á markaði***markaðsleiðtogi***market leader****forystumynt** *kv.**aðalgjaldmiðill, aðalmynt***vehicle currency****forystustíll** *kk.***leadership style****fólgið fall****implicit function****fólginn renta****implicit rent****fólginn kostnaður***óbeinn kostnaður², reiknaður kostnaður, reiknikostnaður***implicit cost**

fólginn samningur*þegjandi samkomulag***implicit contract****fólksfjölgun** *kv.***population growth****fólksflutningar** *kk. ft.* (í vinnumarkaðs-
hagfræði)**migration²****fórnar- og nytjagreining***kostnaðar- og ábatagreining***cost-benefit analysis****fórnarkenning um vexti**Sú kenning að vextir séu endurgjald til
lánveitanda fyrir að neita sér um neyslu.**abstinence theory of interest****fórnarkostir** *kk. ft.**fórnarskipti*Það þegar tvö markmið rekast á þannig
að val á öðru þeirra getur aðeins orðið á
kostnað hins.**trade-off****fórnarkostnaður** *kk.***opportunity cost****fórnarskipti** *hk. ft.***fórnarkostir***trade-off****fótalaust fé***pappírsmynt***fiat money****framboð** *hk.***supply¹****framboð á vinnuafli***vinnuafllsframboð***labor supply****framboðsáhrif** *hk. ft.***supply-side effect****framboðsferill** *kk.**boðferill, ?boðkúrfa***offer curve****framboðshagfræði** *kv.***supply-side economics****framboðshagstjórn** *kv.*Efnahagsstefna eða -aðgerð sem beinist
að framboðshlið markaðar.→ *eftirspurnarhagstjórn***supply-side policies****framboðshlið** *kv.***supply side****framboðsnæmi** *hk.**framboðsteygni***elasticity of supply****framboðsrykkur** *kk.**framboðsskellur***supply shock****framboðsskellur** *kk.**framboðsrykkur***supply shock****framboðsstýring** *kv.***supply management****framboðsteygni** *kv.**framboðsnæmi***elasticity of supply****framboðstruflun** *kv.***supply disturbance****framboðartekjukenning** *kv.**tilgáta um varanlegar tekjur***permanent-income hypothesis****framfara-** *fl.**framsækinn***progressive¹****framfaraáhrif** *hk. ft.**lærdómsáhrif***learning effect****framfaraferill** *kk.**lærdómsferill***learning curve****framfaraþáttur** *kk.***learning factor****framfylgja** *so.***enforce****framfærslukostnaður** *kk.***cost of living****framfærsluvísitala** *kv.**vísitala framfærslukostnaðar*→ *vísitala neysluverðs***cost-of-living index****framför** *kv.**framvinda***progress**

framgengi *hk.**biðgengi, framvirkt gengi*

Gengi gjaldmiðils sem keyptur er til afhendingar á tilteknum tíma síðar. Biðgengi er yfirleitt ákvarðað sem frávik frá daggengi.

forward exchange rate**framgengismarkaður** *kk.**framvirkur gjaldeyrismarkaður***forward exchange market****framkaup** *hk. ft.**framvirk kaup***forward purchase****framkvæma** *so.***implement****framkvæmd** *kv.* (í framleiðslufræði)*verk²***transaction¹****framkvæmdanefnd** *kv.**framkvæmdaráð, framkvæmdastjórn***executive committee****framkvæmdaráð** *hk.**framkvæmdanefnd, framkvæmdastjórn***executive committee****framkvæmdastjóri** *kk.**forstjóri*

Heiti stjórnenda fyrirtækja, jafnt á íslensku og ensku, eru á ýmsa vegu og ráðast oft af hefð innan hvers fyrirtækis.

CEO, chief executive officer, executive director, general manager, managing director; vice-president (am.)

framkvæmdastjórn *kv.**framkvæmdanefnd, framkvæmdaráð***executive committee****framkvæmdatöf** *kv.* (í þjóðhagfræði)*→ ákvörðunartöf, skilningstöf***action lag****framlag** *hk.**skerfur***contribution¹****framlagsloforð** *hk.*

Loforð um að leggja fram fé, kaupa hlutabréf, verðbréf o.þ.h.

*→ hlutafjárloforð***subscription³****framlegð** *kv.***contribution margin****framlegðarstig** *hk.***contribution ratio****framleiða á lager***framleiða í birgðir***make to stock****framleiða eftir pöntun****make to order****framleiða í birgðir***framleiða á lager***make to stock****framleiðandaábati** *kk.***producers' surplus****framleiðandavara** *kv.***producer goods¹****framleiðandi** *kk.*

manufacturer (um iðnvarning); **producer**

framleiðendamarkaður *kk.**iðnaðarmarkaður***business market, industrial market,****producer market****framleiðni** *kv.***productivity****framleiðni vinnuafis****labor productivity****framleiðniaukning** *kv.**framleiðnivöxtur***productivity growth****framleiðnivöxtur** *kk.**framleiðniaukning***productivity growth****framleiðsla¹** *kv.**iðnframleiðsla***manufacture; production****framleiðsla²** *kv.**afurð, framleiðsluvara**→ afurðir***output²; product¹****framleiðsla til endanlegrar notkunar** (í*þjóðhagsreikningum)***final goods and services**

framleiðsla við fulla atvinnu (í þjóðhag-
fræði)

full-employment output level

framleiðsluáhrif *hk. ft.*

output effect

framleiðsluáætlun *kv.*

production plan

framleiðsludilkur *kk.*

framleiðslustöð

manufacturing cell

framleiðslueining *kv.*

producer unit, production unit

framleiðslufall *hk.*

production function

framleiðslufall Cobb-Douglas

Cobb-Douglas fall

Cobb-Douglas production function

framleiðslufræði *kv.*

production theory

framleiðslugeta¹ *kv.*

afkastageta

capacity

framleiðslugeta² *kv.*

potential output

framleiðslugeta þjóðarþúskaparins

potential GNP

framleiðslugjald *hk.*

vörugjald

excise duty

framleiðslujaðar *kk.*

framleiðslukostaferill

PPF, production possibility curve, production possibility frontier, production transformation curve, transformation frontier

framleiðslukeðja *kv.*

production chain

framleiðslukort *hk.*

P-kanban, production kanban

framleiðslukostaferill *kk.*

framleiðslujaðar

PPF, production possibility curve, production possibility frontier, production transformation curve, transformation frontier

framleiðslukostnaður *kk.*

manufacturing cost

framleiðslukostur *kk.*

production opportunity

framleiðslukvóti *kk.*

production quota

framleiðslulína *kv.*

production line

framleiðslumengi *hk.*

production set

framleiðslureikningur *kk.*

production account

framleiðsluskattur *kk.*

production tax

framleiðslustaðall *kk.*

design standard

framleiðslustig *hk.*

production level

framleiðslustjóri *kk.*

production manager

framleiðslustjórnun *kv.*

production management

framleiðslustyrkur *kk.*

production subsidy

framleiðslustýring *kv.*

production control

framleiðslustöð *kv.*

framleiðsludilkur

manufacturing cell

framleiðslutengd fjölþætting

concentric diversification

framleiðsluuppjör þjóðhagsreikninga
production approach to national accounting

framleiðsluvara *kv.*

afurð, framleiðsla²

→ *afurðir*

product¹

framleiðsluverðmæti á verði frá framleiðanda (í þjóðhagsreikningum)

producers' value

framleiðsluverðmæti á verði til kaupanda (í þjóðhagsreikningum)

purchaser's value

*rykkjótt hagstjórn***stop-go, stop-go policy**hömlur *kv. ft.**höft***restrictions**höndla *so.**miðla, versla***deal**höndlari *kk.**miðlari², sali***dealer**hönnun *kv.***design¹**hörgull *kk.**ekla, skortur, þurrð***dearth, scarcity, shortage**hörgulrenta *kv.**Grunnrenta sem skapast vegna takmarkaðs landrýmis.***scarcity rent**hörgultímar *kk. ft.**efnahagsþrengingar***austerity**hörgulvara *kv.***scarce commodity**hörgulverðlagning *kv.***scarcity pricing**iðgjald *hk.**vátryggingariðgjald***premium⁴**iðgjaldastofn *kk.***premium base**iðjuver *hk.**verksmiðja***factory, plant, works**iðnaðarmaður *kk.**faglærður starfsmaður***skilled worker**iðnaðarmannafélag *hk.**stéttarfélag iðnaðarmanna**Hagsmunafélag þeirra sem vinna í sömu iðngrein.***craft union**iðnaðarmarkaður *kk.**framleiðendamarkaður***business market, industrial market,****producer market**iðnaðarnjósni *kv. ft.***industrial espionage**iðnaður *kk.***industry³, manufacturing²**

I

iðnbylting *kv.***industrial revolution**iðnframleiðsla *kv.**framleiðsla¹***manufacturing¹**iðngrein *kv.***trade¹**iðnnámssamningur *kk.***apprenticeship contract, indenture²**iðnnámstími *kk.**læringsstaða***apprenticeship**iðnríki *hk.***industrial state, industrialized country**iðnverka- *fl.**verkamanna-, verksmiðju-***blue-collar**iðnverkamaður *kk.**verkamaður¹***blue-collar worker**iðnvæddur *lo.***industrialized**

iðnvæðing *kv.*

industrialization

iðnþróun *kv.*

industrial development

innan tímabils

intratemporal

innanháussverð *hk.*

millideildaverð

Verð í viðskiptum milli tengdra fyrir-
tækja eða deilda innan sama fyrirtækis.

transfer price

innanháussvinnumarkaður *kk.*

innvinnumarkaður

internal labor market

innborgað hlutafé

paid-in capital (*am.*), **paid-up capital**

innborgun¹ *kv.* (í reikningshaldi)

Greiðslur mótteknar í reiðufé.

cash receipts

innborgun² *kv.*

innlegg

deposit²

innborgun³ *kv.*

down payment

innborgunarseðill *kk.*

deposit slip

innbyggður *lo.*

kerfislægur

structural

innbyggður höggdeyfir

sjálfvirkur sveiflujafnari

automatic stabilizer, built-in stabilizer

innbyrðis jöfnuður

láréttur jöfnuður

Skattjöfnuður innan tekjuhóps.

horizontal equity

inneign *kv.* (á bankareikningi)

credit²

inneignarkvittun *kv.*

kreditnóta

credit note

innfeldi *hk.*

innra margfeldi

inner product

innflutningsgjald *hk.*

aðflutningsgjald, innflutningstollur

import duty

innflutningsheimild *kv.*

innflutningsleyfi

import license

innflutningshneigð *kv.*

propensity to import

innflutningshöft *hk. ft.*

innflutningshömlur, innflutningstakmarkanir

import restrictions

innflutningshömlur *kv. ft.*

innflutningshöft, innflutningstakmarkanir

import restrictions

innflutningskvóti *kk.*

import quota

innflutningsleyfi *hk.*

innflutningsheimild

import license

innflutningstakmarkanir *kv. ft.*

innflutningshöft, innflutningshömlur

import restrictions

innflutningstollur *kk.*

aðflutningsgjald, innflutningsgjald

import duty

innflutningsverð *hk.*

import price

innflutningur *kk.*

import¹

innflytjandi¹ *kk.*

immigrant

innflytjandi² *kk.*

importer

innflæði *hk.*

innstreymi

inflow

innheimta¹ *kv.*

collection¹

innheimta² *so.*

collect¹

innheimta skulda

debt collection

innheimtubríf *hk.*

collection letter, reminder²

innheimtupóknun *kv.*

collection charge

innherjaupplýsingar *kv. ft. (í verðbréfavíðskiptum)*

inside information

innherjaviðskipti *hk. ft. (í verðbréfaviðskiptum)*

insider trading

innherji *kk. (í verðbréfaviðskiptum)*

insider

innvinnumarkaður *kk.*

innanhússvinnumarkaður

internal labor market

innkallanlegt bréf

Skuldabréf sem lántaki getur samkvæmt samningi greitt að fullu fyrir lok lánstíma með umsömdum skilmálum.

callable bond

innkallanlegur *lo. (um lán eða verðbréf)*

Sem má kalla inn til greiðslu fyrir gjald-
daga.

callable

innkaup *hk. ft.*

purchasing

innkaupadeild *kv.*

purchasing department

innköllun *kv. (um hlutafjárloforð)*

call¹

innköllunarákvæði *hk.*

call provision

innköllunarálag *hk.*

call premium

innlausn *kv.*

redemption

innlausn dagur *kk.*

redemption date

innlausnargjald *hk.*

redemption fee

innlausnarréttur *kk.*

Réttur útgefanda skuldabréfs til að greiða bréfið að fullu á tilteknu verði á tilteknum tíma fyrir lokagjald-
daga.

call² (am.)

innlausnarskylda *kv.*

redemption requirement

innlausnarverð *hk.*

redemption price

innlán *hk.*

innlánsfé, innstæða

bank balance, deposit³

innlánsbinding *kv.*

bindiskylda, innstæðubinding

reserve requirement

innlánsfé *hk.*

innlán, innstæða

bank balance, deposit³

innlánsvextir *kk. ft.*

interest rate on deposits

innlegg *hk.*

innborgun²

deposit²

innlend bjögun

domestic distortion

innlend neysla og þáttanotkun

domestic absorption

innlendar ríkisskuldur

internal government debt

innlendar skuldir

internal debt

innlendir *lo.*

domestic

innlendir markaður

heimamarkaður

domestic market

innlendir sparnaður

domestic saving

innlent skuldabréf

→ *erlent skuldabréf*

domestic bond

innleysa¹ *so.*

greiða að fullu

Endurgreiða lán eða verðbréf á gjald-
daga, t.d. spariskírteini ríkissjóðs.

redeem¹

innleysa² *so. (um verðbréfasjóð)*

kaupa aftur

Kaupa til sín hlutdeildarskírteini.

redeem², renounce (br.)

innleysa³ *so.*

Greiða verðbréf eða lán að fullu fyrir eða á gjalddaga.

retire²

innleysanlegt skuldabréf

redeemable bond

innleysanlegur *lo.*

redeemable

innleyst ávísun

cash check

innleyst tap

realized loss

innleyst virðishækkun eigna

realized capital gain

innleystur hagnaður

realized gain

innra bókhald

internal accounting

innra eftirlit

→ *innri endurskoðun*

internal control

innra hagræði

internal economies

innra jafnvægi

internal equilibrium

innra margfeldi

innfeldi

inner product

innra umhverfi fyrirtækis

company microenvironment

innra virði

intrinsic value²

innrásarverðlagning *kv.*

Það að verðleggja lágt í því skyni að komast inn á markað.

penetration pricing

innréttingar *kv. ft.* (í reikningshaldi)

furniture and fixtures

innri¹ *lo., í miðstigi*

háður

endogenous

innri² *lo., í miðstigi*

intrinsic

innri breyta

endogenous variable

innri endurskoðun

→ *innra eftirlit*

internal audit

innri fjárhagsskýrsla

Fjárhagsskýrsla notuð innan fyrirtækis.

internal accounting statement

innri fjármögnun

internal financing

innri jöfnuður

internal balance

innri markaðurinn

Hinn sameinaði markaður Evrópusambandsins.

Single Market, the

innri vextir

afkastavextir

internal rate of return

innrita *so.*

skrá³

register³

innstreymi *hk.*

innflæði

inflow

innstreymi fjármagns

capital inflow

innstæða *kv.* (í banka)

innlán, innlánsfé

bank balance, deposit³

innstæðubinding *kv.*

bindiskylda, innlánsbinding

reserve requirement

innstæðubréf *hk.*

innstæðuskírteini

CD, certificate of credit

innstæðulaus ávísun

gúmmítékki

bouncer, insufficient-funds check,

nonsufficient-funds check, NSF

check, rubber check

innstæðuskírteini *hk.*

innstæðubréf

CD, certificate of credit

innsæisákvörðun *kv.* (í stjórnunarfræði)

intuitive decision

inntak boðs**message content****inntaksverð** *hk.* (í gangverðsreiknings-
skilum)**entry value price****innviðir**¹ *kk. ft.*Grundvallarskipulag kerfis, stofnunar
o.þ.h.**infrastructure**¹**innviðir**² *kk. ft.*Atvinnu- og þjónustumannvirki sem
mynda undirstöðu efnahagslífs í hverjulandi, s.s. orkuveitur, fjarskipta- og
samgöngumannvirki, skólar, sjúkrahús,
o.þ.h.**infrastructure**²**IS-LM líkan** *hk.*Framsetning Nóbelsverðlaunahafans
Johns R. Hicks á haglíkani Keynes.
Hún sýnir tvo ferla, IS-feril og LM-
feril. Skurðpunktur þeirra myndar jafn-
vægisstöðu tekna og vaxta í hagkerfinu.**IS-LM diagram, IS-LM model****Í****í fríðu****in kind****í gildi***gildur***effective**², **in effect, in force, opera-**
tive, valid**í gróða** (í verðbréfavíðskiptum)Kaupvilnun hlutabréfs er sögð í gróða
þegar markaðsverð hlutabréfs er hærra
en lausnarverð vilnunar. Söluvilnun er í
gróða þegar markaðsverð hlutabréfs er
lægra en lausnarverð vilnunarinnar.→ *á sléttu, í tapi***in the money****í lausamennsku****freelance**³**í lausu** (um farm, vöru o.þ.h.)*ópakkaður***in bulk**¹**í stórsölu***í stórum heildum***in bulk**²**í stórum heildum***í stórsölu***in bulk**²**í tapi** (í verðbréfavíðskiptum)Kaupvilnun hlutabréfs er sögð í tapi
þegar markaðsverð hlutabréfs er lægra
en lausnarverð vilnunar. Söluvilnun er
í tapi þegar markaðsverð hlutabréfs er
hærra en lausnarverð vilnunarinnar.→ *á sléttu, í gróða***out of the money****í vanskilum***fallinn í gjalddaga***overdue****íbúafjöldi** *kk.**mannfjöldi***population**¹**íbúi** *kk.***resident****ígildi handbærs fjár****cash equivalent****ígildiseining** *kv.***aggregate unit****íhlaupaverkamaður** *kk.***casual laborer, casual worker****íhlaupavinna** *kv.***casual labor, occasional labor****íhlutun** *kv.**afskipti*

intervention
 íhlotunarstefna *kv.*
interventionism
 íhlotur *kk.* (í framleiðslufræði)
 Stakur hlutur sem myndar nauðsynlegan hluta heildar eða samstæðu.
component
 ílag *hk.*
input²
 ílags- og frálagsfall
aðfanga- og afurðafall
input-output function

ímynd *kv.*
image
 ímynd fyrirtækis
corporate image
 ímynd vörumerkis
brand image
 ímyndargreining *kv.*
image analysis
 ítrekunaráðferð *kv.*
iterative procedure
 ívilnunartollur *kk.*
preferential duty

J

J-ferill *kk.*
J-curve
 jaðar *kk.*
mörk
margin
 jaðar- *fl.*
marka-
marginal
 jaðaraðferð *kv.*
markaaðferð
incremental analysis, marginal analysis
 jaðarafköst *hk. ft.*
jaðarframleiðni, markafframleiðni
 → lögmálið um minnkandi jaðarafköst
marginal efficiency, marginal productivity
 jaðarafköst fjármagns
marginal product of capital, MPK
 jaðarafköst vinnuafis
marginal product of labor, MPL
 jaðarafrakstur *kk.*
marginal return
 jaðarafrakstur framleiðsluþátta
marginal factor income
 jaðarafurð *kv.*

markaafurð
marginal product
 jaðarábati *kk.*
marginal benefit
 jaðarbylting *kv.*
 Innreið jaðargreiningar í hagfræði.
marginal revolution
 jaðareyðsluhneigð *kv.*
marginal propensity to spend
 jaðarframleiðni *kv.*
jaðarafköst, markafframleiðni
 → lögmálið um minnkandi jaðarafköst
marginal efficiency, marginal productivity
 jaðarframleiðsla *kv.*
 → verðmæti jaðarframleiðslu
marginal physical product
 jaðarhyggja *kv.*
marginalism
 jaðarinnflutningshneigð *kv.*
marginal propensity to import
 jaðarjöfnun *kv.*
equimarginality
 jaðarkostnaðarverðlagning *kv.*
 Verðlagning með jaðarkostnaðaraðferð.
marginal-cost pricing

jaðarkostnaður <i>kk.</i> <i>markakostnaður</i> marginal cost	jafna ¹ <i>kv.</i> <i>líking</i> equation
jaðarkostnaður fjármagns marginal cost of capital	jafna ² <i>so.</i> balance ⁴
jaðarneyslunheigð <i>kv.</i> marginal propensity to consume, MPC	jafnaðargreining <i>kv.</i> (í fjármálafræði) <i>jafnvægisgreining</i> ¹ break-even analysis
jaðarnytjar <i>kv. ft.</i> <i>markanytjar</i> marginal utility	jafnaðarstefna <i>kv.</i> <i>sameignarstefna, sóstalismi</i> socialism
jaðarnytjaregla <i>kv.</i> marginal principle	jafnarösbref <i>hk.</i> Hlutabref sem gefur ætíð sömu arðgreiðslur. zero-growth stock
jaðarskatthlutfall <i>hk.</i> <i>jaðarskattur, markaskatthlutfall</i> marginal tax, marginal tax rate	jafnframleiðsluferill <i>kk.</i> equal product curve, isoproduct curve
jaðarskattur <i>kk.</i> <i>jaðarskatthlutfall, markaskatthlutfall</i> marginal tax, marginal tax rate	jafngengi <i>hk.</i> parity
jaðarskiptahlutfall <i>hk.</i> <i>jaðarstaðganga, víxlhlutfall</i> marginal rate of substitution, MRS	jafngildi ¹ <i>hk.</i> (í reikningshaldi) <i>jöfnuður</i> ¹ balance ²
jaðarskiptahlutfall framleiðslu <i>jaðarstaðganga í framleiðslu</i> marginal rate of transformation, MRT	jafngildi ² <i>hk.</i> (í leikjafraði) indifference
jaðarskiptahlutfall framleiðsluþátta marginal rate of technical substitution, MRTS	jafngildiseining <i>kv.</i> equivalent unit
jaðarsparnaðarhneigð <i>kv.</i> marginal propensity to save	jafngildisferill <i>kk.</i> <i>jafngildislína, jafnnytjaferill</i> equal utility contour, indifference curve
jaðarstaðganga <i>kv.</i> <i>jaðarskiptahlutfall, víxlhlutfall</i> marginal rate of substitution, MRS	jafngildisferill samfélagsins collective indifference curve
jaðarstaðganga í framleiðslu <i>jaðarskiptahlutfall framleiðslu</i> marginal rate of transformation, MRT	jafngildiskenning <i>kv.</i> equity theory
jaðartekjur <i>kv. ft.</i> marginal revenue, MR	jafngildislína <i>kv.</i> <i>jafngildisferill, jafnnytjaferill</i> equal utility contour, indifference curve
jaðarútflytningshneigð <i>kv.</i> marginal propensity to export	jafngilt í hvívetna Ákvæði í lánsamningi um að lán standi jafnfætis öðrum skuldbindingum. pari passu
jafn <i>lo.</i> <i>stöðugur</i> ³ steady	jafngreiðslulán <i>hk.</i> annuity loan

jafngreiðsluröð *kv.*

Röð jafnhárra greiðslna sem eru inntar af hendi með jöfnu millibili.

annuity²

jafngróðalína *kv.*

isoprofit line

jafnhallaferill *kk.*

isocline

jafnkeypissamningur *kk.*

clearing arrangement

jafnkostnaðargrein *kv.*

constant-cost industry

jafnkostnaðarlína *kv.*

equal-cost line, isocost line

jafnkostnaður *kk.*

constant cost

jafnlaunalög *hk. ft.*

equal pay act

jafnmagnslína *kv.*

isoquant line

jafnnytjaferill *kk.*

jafngildisferill, jafngildislína

equal utility contour, indifference curve

jafnnæmi *hk.*

jafnteygni

CES, constant elasticity of substitution

jafnnæmisfall *hk.*

jafnteygnifall

CES function, constant elasticity of substitution function

jafnréttislög *hk. ft.*

equal opportunity act, gender equality act

jafnréttisstefna *kv.*

egalitarianism

jafnræðiskenning *kv.*

parity principle

jafnskiptalína *kv.*

trade indifference curve

jafnstaða *kv.*

steady state

jafnstritsferill *kk.*

isolabor curve

jafnstöðugengi *hk.*

jafnvægisgengi

equilibrium exchange rate

jafntekjulína *kv.*

isorevenue line

jafnteygni *kv.*

jafnnæmi

CES, constant elasticity of substitution

jafnteygnifall *hk.*

jafnnæmisfall

CES function, constant elasticity of substitution function

jafnvirðisgengi *hk.*

kaupmáttarjöfnuður

PPP, purchasing power parity

jafnvirðisleikur *kk.* (í leikjafræði)

núllsummuleikur

Leikur þar sem ávinningur eins er annars tap.

zero-sum game

jafnvægi *hk.*

equilibrium

jafnvægi að hluta

hlutajafnvægi

partial equilibrium

jafnvægi á markaði

markaðsjafnvægi

market equilibrium

jafnvægi í þjóðarþúskap

efnahagsjafnvægi

macroeconomic equilibrium

jafnvægisáðgerðir *kv. ft.* (í hagstjórn)

stabilization policy

jafnvægisferill *kk.*

equilibrium path

jafnvægisgengi *hk.*

jafnstöðugengi

equilibrium exchange rate

jafnvægisgreining¹ *kv.* (í fjármálafræði)

jafnaðargreining

break-even analysis

jafnvægisgreining² *kv.* (í eindahagfræði)

comparative statics

jafnvægismarkaður *kk.*

Markaður þar sem jafnvægi ríkir milli framboðs og eftirspurnar.

clearing market

jafnvægisreikningur *kk.* (í hagsögu)

Aðferð við áætlunargerð í hagkerfi kommúnistaríkja.

material balances

jafnvægisskilyrði *hk.*

equilibrium condition

jafnvægistekjur *kv. ft.*

equilibrium income

jafnvægisútgjöld *hk. ft.*

equilibrium expenditure

jafnvægisval *hk.*

equilibrium selection

jafnvægisverð¹ *hk.*

equilibrium price

jafnvægisverð² *hk.* (í þjóðhagfræði)

market-clearing price

jafnvægisvextir *kk. ft.*

equilibrium interest rate

jafnvægisvöxtur *kk.*

equilibrium growth

jafnvöxtur *kk.*

steady-state growth

jarðnæði *hk.*

land²

jarðrenta *kv.*

landrenta

land rent

jákvæð styrking (í stjórnunarfræði)

positive reinforcement

járnharða launalögmálið

Kenning Malthusar um laun og fólksfjölgun.

iron law of wages

jöfn dreifing

uniform distribution

jöfnuður¹ *kk.* (í reikningshaldi)

*jafngildi*¹

balance²

jöfnuður² *kk.*

equality

jöfnuður á vöru- og þjónustureikningi

(í þjóðhagsreikningum)

balance of goods and services

jöfnuður yfirfærður (í reikningshaldi, milli tímabila)

balance brought forward, balance carried forward

jöfnuhneppi *hk.*

simultaneous equations, system of equations

jöfnun¹ *kv.*

equalization

jöfnun² *kv.*

sléttun

smoothing

jöfnunargjald *hk.*

undirboðstollur

anti-dumping duty

jöfnunargjald af innflutningi

→ *jöfnunargjald, jöfnunartollur*

import equalization tax

jöfnunarhlutabréf *hk.*

bonus issue, free issue

jöfnunarregla *kv.* (í reikningshaldi)

matching principle

jöfnunarsjóður *kk.*

equalization fund

jöfnunarskattur *kk.*

tekjujöfnunarskattur

Skattur sem hefur áhrif á tekjuskiptingu.

redistributive tax

jöfnunartollur *kk.*

countervailing duty

jörð *kv.*

bújörð

land¹

K

kapítalismi *kk.*

séreignarskipan

capitalism

kassakvittun *kv.*

Kvittun fyrir staðgreiðslu.

cash receipt, till slip (*br.*)

kaup¹ *hk.*

laun³

Daglaun, tímakaup eða vikukaup.

→ *föst laun*

pay¹, wage

kaup² *hk. ft.*

purchase¹

kaupa *so.*

purchase²

kaupa aftur

innleysa²

Kaupa til sín hlutdeildarskírteini.

redeem², renounce (*br.*)

kaupandi *kk.*

buyer

kaupauðgiskenning *kv.*

kaupauðgisstefna

mercantilism

kaupauðgisstefna *kv.*

kaupauðgiskenning

mercantilism

kaupauki *kk.*

bónus, launaauki

bonus, wage premium

kaupákvörðun *kv.*

purchase decision

kaupbann *hk.*

samskiptabann, viðskiptabann

→ *efnahagsþvinganir, þvingunaraðgerðir*

boycott¹

kaupbætur *kk.*

premium⁵

kaupendamarkaður *kk.*

buyer's market

kaupgengi gjaldmiðils

buying rate

kaupgjalds- og verðlagsrammi

wage-price guidelines, wage-price guideposts

kaupgjaldshömlur *kv. ft.*

wage controls

kaupgjaldsrammi *kk.*

wage guidelines

kaupgjaldsverðbólga *kv.*

launaverðbólga

wage inflation

kauphegðun *kv.*

buying behavior

kaupheimild *kv.*

Heimild til að kaupa ákveðinn fjölda hlutabréfa í fyrirtæki á tilgreindu verði.

warrant²

kauphækkun *kv.*

wage increase

kauphöll *kv.*

kaupþing, verðbréfaþing

stock exchange

kaupleiga *kv.*

→ *fjármögnunarleiga*

lease purchase

kaupleigusamningur *kk.*

capital lease (*am.*), **hire-purchase agreement**

kaupmáttaraukning *kv.*

purchasing-power increase, real-wage increase

kaupmáttarjöfnuður *kk.*

jafnvirðisgengi

PPP, purchasing power parity

kaupmáttarskerðing *kv.*

real-wage cut

kaupmáttur *kk.*

purchasing power

kaupréttur *kk.*

kaupviltun

Réttur kaupanda, en ekki skylda, til að kaupa eign á tilgreindu verði fram að ákveðnum tíma eða á tilteknum degi.

→ *söluréttur, viltun*

call³, call option

kaupskuldbinding *kv.*

purchase commitment

kaupstefna *kv.*

vörusýning

trade fair, trade show

kauptaxti *kk.*

launataxti

wage rate

kauptilboð *hk.* (t.d. á uppboði)

bid¹

kaup tíðni *kv.*

purchase frequency

kaupverð *hk.*

acquisition cost

kaupviltun *kv.*

**kaupréttur*

→ *söluréttur, viltun*

call³, call option

kaupþing *hk.*

kauphöll, verðbréfaþing

stock exchange

keðjuvísitala *kv.*

chain index

kennijafna *kv.*

characteristic equation

kenning Coase

Sé eignarréttur yfir framleiðslutækjum skilgreindur, leyfilegt að versla með réttindi og viðskiptakostnaður enginn skiptir ekki máli hvernig réttindunum er úthlutað. Þau munu færast á hendur þeirra sem mest vilja greiða fyrir þau og þannig munu þau gefa mest af sér til

þjóðarbúsins.

Coase theorem

kenning um skilvirkan markað (í verðbréfavíðskiptum)

→ *ráfkenningin*

efficient-market hypothesis, efficient-market theory

kenningakerfi *hk.*

hugmyndafræði

ideology

kenningin um hina ósýnilegu hönd (í hagsögu)

invisible hand theorem

kenningin um næstbestu lausnina

Kenning Lancasters og Lipseys þess efnis að verði markaðsbrestur á einum markaði sé ekki hægt að treysta há-
mörkun á öðrum mörkuðum.

theory of the second-best

kennirót *kv.*

characteristic root

kennitala¹ *kv.*

identification number, Id. no.

kennitala² *kv.* (í fjármálafræði)

Hlutfallstala sem gefur vísbendingu um fjárhag eða arðsemi fyrirtækis.

→ *arðsemiskennitölur, kennitölur um fjárhagsstöðu fyrirtækis*

ratio²

kennitölugreining¹ *kv.* (í reikningshaldi)

Greining á ársreikningi.

analytical review

kennitölugreining² *kv.*

ratio analysis

kennitölur um fjárhagsstöðu fyrirtækis

→ *arðsemiskennitölur*

financial ratios

kennitölur um greiðsluhæfi

liquidity ratios

kennivandi *kk.* (í hagamælingum)

?*kennslavandi*

identification problem

kennsl *hk. ft.*

identification

?kennslavandi *kk.* (í hagamælingum)
kennivandi
identification problem

keppinautur *kk.*
competitor, rival

keppni *kv.*
contest

kerfi *hk.*
system

kerfisbreyting *kv.*
gerðarbreyting
structural change

kerfisbundin áhætta
markaðsáætta
market risk, nondiversifiable risk, systematic risk

kerfisfræði *kv.*
systems theory

kerfisfræðingur *kk.*
systems analyst

kerfisgreining *kv.*
systems analysis

kerfishagfræði *kv.*
stofnanahagfræði
institutional economics

kerfishagfræðiskólinn *kk.*
school of institutionalists

kerfishalli á ríkissjóði
fastahalli
structural budget deficit, structural deficit

kerfislægur *lo.*
innbyggður
structural

Keynesáhrif *hk. ft.*
 Áhrif verðlagsbreytinga á peningaeftirspurn.
Keynes effect

kippukaup *hk. ft.*
 Kaupendum er boðin tiltekin samsetning af vörum og þeir verða að kaupa allt eða ekkert.
block booking

kí-kvaðratsdreifing *kv.*
chi-square distribution

kjaraátök *hk. ft.*
 Átök á vinnumarkaði.
labor conflict

kjaradeila *kv.*
industrial dispute, labor dispute, wage dispute

kjarahópur *kk.*
 Hópur starfsmanna sem njóta sömu starfskjara.
job cluster

kjarakaup *hk. ft.*
bargain¹

kjarasamningur *kk.*
launasamningur
 → *almennir kjarasamningar²*
labor contract (am.), union contract, wage contract (br.)

kjaraviðræður *kv. ft.*
launasamningar
wage bargaining

kjarni *kk.*
core

Kjarnorkubandalag Evrópu
EURATOM, European Atomic Energy Community

kjörferill *kk.*
hagkvæmasti ferill
optimal path

kjörgildi *hk.* (í stærðfræði)
besta gildi, kjörstaða
optimum

kjörlausn *kv.* (í stærðfræði)
besta lausn
optimal solution

kjörsköttun *kv.*
optimum taxation

kjörstaða *kv.* (í stærðfræði)
besta gildi, kjörgildi
optimum

kjörtollur *kk.*
optimal tariff, optimum tariff

kjörvextir *kk. ft.*
 Vextir sem notaðir eru sem grundvöllur vaxta á lánum til þeirra sem njóta mests lánstrausts.

prime lending rate (*am.*), **prime rate**

klasagreining *kv.*

cluster analysis

klasaúrtak *hk.*

cluster sample

klasi *kk.* (í hagnælingum)

þyrping

cluster

klassísk hagfræði

Hagfræðikenningar, sem settar voru fram frá miðri 18. öld til miðrar 19. aldar, hafa verið nefndar klassísk hagfræði. Flestar voru kenningarnar upprunnar í Bretlandi og meðal helstu kenningasmiða eru þeir Smith, Ricardo, Malthus, Say, Senior og Mill.

classical economics

klassíski skólinn

síggildi skólinn

Kenningakerfi í stjórnunarfræðum.

classical management school

Kola- og stálbandalag Evrópu

ECSC, European Coal and Steel Community

koma í jafnvægi

gera stöðugan

stabilize

koma reglum yfir

setja reglur um

regulate

koma út á sléttu

ná jöfnuði, standa í járnum

break even

kommúnismi *kk.*

sameignarskipan

communism

kort *hk.* (í framleiðslufræði)

Dæmi: framleiðslupöntun eða flutningsfyrirskipun.

kanban

kosningaþverstæða *kv.*

kosningaþversögn

paradox of voting, voting paradox

kosningaþversögn *kv.*

kosningaþverstæða

paradox of voting, voting paradox

kosta so.

sponsor

kostnaðar- og ábatagreining

fórnar- og nytjagreining

cost-benefit analysis

kostnaðarbókhald *hk.*

rekstrarbókhald¹

cost accounting

kostnaðarfall *hk.*

viðfangsfall

cost function, objective function

kostnaðarfylgni *kv.*

cost behavior

kostnaðarnæmi *hk.*

kostnaðarteygni

cost elasticity

kostnaðarskipting *kv.*

útteiling kostnaðar

cost allocation

kostnaðarstaður *kk.*

cost center

kostnaðarteygni *kv.*

kostnaðarnæmi

cost elasticity

kostnaðarverð framleiddrar vöru

cost of goods manufactured

kostnaðarverð seldrar vöru

cost of goods sold, cost of sales

kostnaðarverðbólga *kv.*

cost-push inflation

kostnaðarverðsregla *kv.*

cost principle

kostnaðarverðsreikningsskil *hk. ft.*

(í reikningshaldi)

historical-cost accounting

kostnaðarþrýstingur *kk.*

cost push

kostnaður *kk.*

cost

kostnaður vegna óbeinna launa (í reikningshaldi)

óbein laun

indirect labor, indirect labor cost

kostnaður við umframbirgðir

overage costkostun *kv.***sponsoring**Koyck-tafir *kv. ft.***Koyck distributed lag**krafa¹ *kv.**bótakrafa***claim¹**krafa² *kv.***requirement¹**kreditkort *hk.**lánskort*→ *debetkort***credit card**kreditnóta *kv.**inneignarkvittun***credit note**krefjast¹ *so.* (t.d. um bætur)**claim²**krefjast² *so.***demand²**kreppa *kv.***depression, slump**kreppuverðbólga *kv.***stagflation**krosspunktur *kk.* (í stærðfræði)*hnútur***node**krossróf *hk.* (í stærðfræði)**cross spectrum**kryppugildi *hk.* (í tölfraði)*algengasta gildi, tíðasta gildi***modal value, mode**kröfukaup *hk. ft.***factoring**kröfukaupafyrirtæki *hk.***factoring firm**Kuhn-Tucker skilyrði *hk.* (í stærðfræði)**Kuhn-Tucker condition**kúpni *kv.* (í verðbréfavíðskiptum)**convexity**

kúpt fall (í stærðfræði)

convex function

kúpt flétta (í stærðfræði)

*kúpt samantekt***convex combination**

kúpt samantekt (í stærðfræði)

*kúpt flétta***convex combination**kúptur *lo.* (í stærðfræði)**convex**kvaðaskipti *hk. ft.**eigna- eða skuldaskipti***swap**kvaðningarreglur *kv. ft.***rules for designation**kvaðrat *hk.**ferningstala, fertala***square**kvaðratrót *kv.**ferningsrót***square root**

kvik bestun (í framleiðslufræði)

dynamic programming

kvik hagfræði

*tímatengd hagfræði***dynamic economics, dynamics¹**

kvik jafnvægisgreining

*tímatengd jafnvægisgreining***comparative dynamics**

kvik leikáætlun

dynamic strategykvika *kv.*

Kvikir eiginleikar haglíkans.

dynamics²kvikur *lo.**tímatengdur***dynamic**kvittun *kv.***receipt**kvíslunaraðferð *kv.***branch-and-bound method**kvótakerfi *hk.**aflamarkskerfi*

Uppskerukvótakerfi með einstaklingsbundnum, framseljanlegum kvóta. Íslenska aflamarkskerfið er dæmi um slíkt kerfi.

- catch quota system; individual transferable quota system, ITQ system**
- kvóti** *kk.*
quota
- kvörðunarstiki** *kk.*
scale parameter
- kvörtunarmál** *hk.* (í vinnumarkaðshagfræði)
→ meðferð kvörtunarmála
grievance
- kynningarbæklingur** *kk.*
kynningarrit
brochure, flier
- kynningarrit** *hk.*
kynningarbæklingur
brochure, flier
- kynningarskjal** *hk.*
*útbodslýsing*¹
Skjal, gefið út í tengslum við verðbréfaútgáfu, með upplýsingum um útgáfuna, lántakanda og ábyrgðaraðila ef við á.
prospectus
- kynningarstarf**¹ *hk.*
útbreiðslustarf
promotion¹
- kynningarstarf**² *hk.*
vörukynning
Aðgerðir til að örva eftirspurn eftir vöru eða þjónustu, jafnan aðrar en auglýsingar og bein sala.
sales promotion
- kynslóðalíkan** *hk.*
Haglíkan reist á skörun kynslóða.
overlapping generations model
- kynslóðatengsl** *hk. ft.*
intragenerational interdependencies
- kyrr leikáætlun**
stationary strategy
- kyrrsetning** *kv.*
→ *fjárnám*
attachment (um eignir, þó ekki skip eða farm); **arrest** (um skip eða farm); **injunction** (um eignir)
- kyrrsetningarhlutfall** *hk.*
Hlutfall hagnaðar sem haldið er eftir í fyrirtæki.
retention rate
- kyrrsettur hagnaður**
óráðstafaður hagnaður
retained earnings¹ (*am.*), **retained profits** (*br.*), **undistributed profits**
- kyrrstaða** *kv.*
stöðugt ástand
stationary state
- kyrrstæður** *lo.*
*sístæður; stöðugur*²
static, stationary
- kyrrstöðukostnaður** *kk.*
committed cost
- kyrrt líkan**
stöðulíkan
Líkan sem ekki er tímatengt.
static model
- kænn** *lo.*
strategic, úthugsaður
- kænskukjör** *hk. ft.*
strategic voting
- köngulóarlíkan** *hk.*
cobweb model
- könnun** *kv.*
survey

L

Laffer-ferill *kk.*

Laffer curve

lagalegur *lo.*

lögbundinn

statutory

Lagrange-margfaldari *kk.*

Lagrange multiplier

lagskipt úrtak

stratified sample

landamæraauðlind *kv.*

Auðlind sem nær yfir landamæri.

transboundary resource

landbúnaðarafurð *kv.*

agricultural product

landbúnaðarhagfræði *kv.*

agricultural economics

landbúnaðarstefna *kv.*

agricultural policy

landbúnaðarstefna Evrópusambands-

ins

CAP, Common Agricultural Policy

landfræðileg útbreiðsla

svæðislæg dreifing

spatial diffusion

landhelgi *kv.*

territorial waters

landrenta *kv.*

jarðrenta

land rent

landsframleiðsla *kv.*

domestic product

landsútgjöld *hk. ft.*

domestic expenditure

Langbarðavextir *kk. ft.*

Vextir sem þýskir bankar greiða þýska seðlabankanum, Bundesbank, fyrir lán gegn tryggingu í verðbréfum, þ.e. endurkaupavextir þýska seðlabankans.

Lombard rate

langdræg áætlunargerð

langtímaáætlun

long-range planning

langtíma- *fl.*

langvinnur, langær

long-term

langtímaáætlun *kv.*

langdræg áætlunargerð

long-range planning

langtímabankalán *hk.*

Bankalán til 1–10 ára.

term loan² *(am.)*

langtímakostnaður *kk. ft.* (í reikningshaldi)

deferred charges

langtímaleitni *kv.*

secular trend

langtímamarkmið *hk.*

long-range objective

langtímareikningar *kk. ft.* (í reikningshaldi)

Reikningar er varða efnahagsreikning fyrirtækis.

permanent accounts

langtímaskuldir¹ *kv. ft.*

long-term debt

langtímaskuldir² *kv. ft.* (í reikningshaldi)

long-term liabilities

langtímastöðnun *kv.*

secular stagnation

langtímaverðbréf *hk.*

long-term securities

langtímavextir *kk. ft.*

long-term interest rate

langvinnur *lo.*

langtíma-, langær

long-term

langær lo.*langtíma-, langvinnur***long-term****Laspeyres-vísitala kv.**

Aðferð við að reikna út verð- og magnvísitölu. Við útreikning verðvísitölu er farið eftir því magni sem notað var við upphaf tímabilsins og verðbreytingar reiknaðar út miðað við óbreytt magn. Ef um magnvísitölu er að ræða er miðað við verð í upphafi.

Laspeyres index**latningartilgáta kv.**

Tilgáta um að atvinnuleysi dragi úr framboði vinnuafis.

→ *hvatningartilgáta***discouraged-worker hypothesis****laumufarþegi kk.***sníkill*

Sá sem nýtur hagræðis af fórnnum annarra.

free rider**laun¹ hk. ft.***þóknun***compensation², remuneration****laun² hk. ft.***launatekjur, vinnulaun***earned income, earnings², labor earnings****laun³ hk. ft.***kaup¹*

Daglaun, tímakaup eða vikukaup.

→ *föst laun***pay¹, wage****laun og launatengd gjöld (í þjóðhagsreikningum)****compensation of employees****laun og tengd gjöld****labor cost****launa- og verðlagshömlur****wage-price controls****launa- og verðlagsskrúfa***víxlengi verðlags og launa***wage-price spiral****launa- og verðstöðvun****wage-price freeze****launaauki kk.***bónus, kaupauki***bonus, wage premium****launaávinningur kk.****wage gain****launabil hk.****wage gap****launabreyting kv.****wage change****launadreifing kv.****wage distribution****launagjöld hk. ft.**

Heildarlaun sem fyrirtæki greiðir, án launatengdra gjalda.

payroll¹, wage bill¹**launahali kk.***launatengd gjöld***labor-related costs, nonwage labor costs****launahjöðnun kv.****wage decrease****launakerfi hk.****pay structure (br.), wage payment scheme (am.)****launakjör hk. ft.****wage terms****launakostnaður kk.***launaútgjöld*

Laun og launatengd gjöld.

payroll costs, payroll expenses**launakostnaður á framleidda einingu****unit labor cost****launamismunur kv.****wage discrimination****launamunur kk.****wage difference, wage differential****launamyndun kv.****wage formation****launasamningar kk. ft.***kjaraviðræður***wage bargaining****launasamningur kk.***kjarasamningur*

- *almennir kjarasamningar*²
labor contract (*am.*), **union contract**,
wage contract (*br.*)
- launaskattur** *kk.*
payroll tax
- launaskerðing** *kv.*
wage cut
- launaskrá** *kv.*
payroll², **wage bill**²
- launaskrið** *hk.*
wage drift
- launaskrúfa** *kv.*
wage spiral
- launasmit** *hk.*
→ *tilgáta um launasmit*
wage spillover
- launastefna** *kv.*
wage policy
- launataxti** *kk.*
kauptaxti
wage rate
- launatekjur** *kv. ft.*
*laun*², *vinnulaun*
earned income, **earnings**², **labor earnings**
- launatengd gjöld**
launahali
labor-related costs, **nonwage labor costs**
- launatregða** *kv.*
Það ástand að laun breytast treglega.
wage rigidity
- launaútgjöld** *hk. ft.*
launakostnaður
Laun og launatengd gjöld.
payroll costs, **payroll expenses**
- launaverðbólga** *kv.*
kaupgjaldsverðbólga
wage inflation
- launaþróskuldur** *kk.*
Lægstu laun sem reynandi er að bjóða manni til þess að fá hann til starfa.
reservation wage
- launþegar** *kk. ft.*
labor¹
- launþegasamtök** *hk. ft.*
verkalýðshreyfing
Skipulögð samtök launafólks, einkum verkalýðsfélög.
organized labor
- launþegi** *kk.*
employee
- laus** *lo.*
Sjá í lausu.
- lausaeign** *kv.*
auðseljanleg eign
liquid asset
- lausafjárhrif** *hk. ft.*
liquidity effects
- lausafjargildra** *kv.*
liquidity trap
- lausafjárhlutfall** *hk.*
Veltufjármunir, að frátöldum birgðum, sem hlutfall af skammtímaskuldum.
acid test ratio, **quick ratio**
- lausafjærhneigð** *kv.*
liquidity preference
- lausafjærkvöð** *kv.*
liquidity requirement
- lausafjærmunir** *kk. ft.* (í reikningshaldi)
liquid assets
- lausafjærskortur** *kk.*
*reiðufjærskortur*¹
illiquidity
- lausafregn** *kv.* (í stjórnumarfræði)
orðrómur
grapevine
- lausamaður** *kk.*
freelance¹, **freelancer**
- lausamennska** *kv.*
Sjá í lausamennsku.
freelancing
- lausaskuldir þjóðarbúsins**
Þjóðarskuldir til skamms tíma.
floating debt¹
- lausatök í peningámálum**
lausbeisluð peningamálastefna
easy money, **easy-money policy**
- lausbeisluð peningamálastefna**
lausatök í peningámálum

easy money, easy-money policy

lausnarbeiðni *kv.*

*upsögn*³

resignation

lausnarferill *kk.*

solution path

lausnarmengi *hk.*

hagkvæmnimengi

feasible region, feasible set

lausnarverð *hk.* (um vilnanir)

*sammingsverð, viðmiðunarverð*¹

exercise price, strike price, striking price

laust starf

job vacancy, vacancy

lágildi *hk.*

lágmark

minimum¹

lágmark *hk.*

lágildi

minimum¹

lágmarka *so.*

minimize

lágmarks- *fl.*

minimum²

lágmarksframfærslukostnaður *kk.*

subsistence cost of living

lágmarkskostnaðaraðferð *kv.*

direct costing

lágmarkskostnaður *kk.*

minimum cost

lágmarkslaun *hk. fl.*

minimum wage

lágmarksstaðall *kk.*

viðmiðunarstaðall

performance standard

lágmarksverð *hk.*

price floor

lágörkun *kv.*

minimization

lágörkun kostnaðar

cost minimization

lágtekjufólk *hk.*

low-income earners

lágtekjugildra *kv.*

fátæktargildra

poverty trap

lágtekjuland *hk.*

low-income country

lágverðsverslun *kv.*

discount store

lán *hk.*

útlán

credit³, **loan**

lánaeftirspurn *kv.*

útlánaeftirspurn

credit demand

lánaflokkur *kk.*

credit tranche

lánamarkaður *kk.*

credit market

lánardrottinn *kk.*

*lánveitandi*¹

creditor

lánareikningur til verðbréfavíðskipta

Reikningur hjá verðbréfafyrirtæki nýttur til verðbréfavíðskipta í krafti lánsfjár frá fyrirtækinu.

margin account

lánastefna *kv.*

credit policy

lánatap *hk.*

útlánatap

loan loss

lánsábyrgð *kv.*

loan guarantee

lánsáhætta *kv.*

útlánaáhætta

credit risk

lánsfjáráætlun *kv.*

credit budget

lánsfjárdreifing *kv.*

útlánaskipting

credit allocation

lánsfjáarkostnaður *kk.*

cost of debt

lánsfjáarkreppa *kv.*

credit crunch

lánsfjármögnun *kv.*

debt financing

lánsfjárskömmun *kv.*

credit rationing

lánsfjárröð *kv.*

credit shortage

lánsfjárpörf *kv.*

borrowing requirement

lánsheimild¹ *kv.*

reikningslán

Umsaminn aðgangur að lánsfé.

credit line, line of credit

lánsheimild² *kv.*

Lánsheimild hjá banka sem viðskiptavinur greiðir þóknun fyrir. Hann getur tekið út fé og endurgreitt eftir þörfum innan marka heimildarinnar.

revolving line of credit

láns hæfi *hk.* eða *kv.*

lánstraust

credit⁴, creditworthiness

láns hæfiseinkunn *kv.*

greiðslumat, láns hæfismat

credit rating, credit scoring, rating¹

láns hæfismat *hk.*

greiðslumat, láns hæfiseinkunn

credit rating, credit scoring, rating¹

lánskjaravísitala *kv.*

credit index, credit terms index

lánskjör *hk. ft.*

láns skilmálar

credit terms

lánskort *hk.*

kreditkort

→ *debetkort*

credit card

láns skilmálar *kk. ft.*

lánskjör

credit terms

láns skjal *hk.*

credit instrument

láns tími *kk.*

tenor, term

lánstraust *hk.*

láns hæfi

credit⁴, creditworthiness

lántaka *kv.*

borrowing

lántakandi *kk.*

borrower

lántökudagur *kk.*

borrowing date

lántökukostnaður *kk.*

borrowing cost

lántökuríki *hk.*

borrowing country

lántökustefna *kv.*

borrowing policy

lánveitandi¹ *kk.*

lánardrottinn

creditor

lánveitandi² *kk.*

lender

lárétt samþætting

Sameining ólíkra eininga innan sama hlekks framleiðslukeðjunnar hjá einu fyrirtæki eða sameining fyrirtækja innan sömu atvinnugreinar.

→ *lóðrétt samþætting*

horizontal integration

láréttur jöfnuður

innbyrðis jöfnuður

Skattjöfnuður innan tekjuhóps.

horizontal equity

láréttur samruni

Samruni fyrirtækja í sama hlekk framleiðslukeðjunnar.

→ *lóðréttur samruni, samruni*

horizontal merger

láta í skiptum

skipta á

exchange

leggja á¹ (um skatta eða gjöld)

assess¹, levy²

leggja á²

hækka verð

mark up

leggja inn

deposit⁴

leggja saman¹*safna saman***aggregate**²**leggja saman**² (um tölur í dálki)**foot****leið** *kv.* (í framleiðslufræði)*ferli*²**routing****leiðarit** *hk.**flæðirit*

Teiknuð mynd þar sem tákn eru notuð til þess að sýna m.a. aðgerðir, gögn, leiðarstefnu og tæki við skilgreiningu, greiningu eða lausn verkefnis.

flowchart, flow diagram**leiðréttingarfærsla** *kv.**bakfærsla***adjusting entry** (í reikningshaldi);**adjustment transaction** (í þjóðhagsreikningum)**leiðréttingarskattur** *kk.***corrective tax****leiðréttur prófjöfnuður****adjusted trial balance****leiðréttur reikningsjöfnuður****adjusted balance****leiðsöguregla** *kv.**vinnuregla, þumal fingursregla***rule-of-thumb****leiðtogaleikur** *kk.***leader-follower game****leif** *kv.* (í tölfræði)*afgangur*³, *frávik*²

Mismunur athugunar og reiknaðs gildis samkvæmt líkani.

residual, residual error**leiga**¹ *kv.*

Það að yfirráð eignar færist til annars en eigandans í tiltekinn tíma gegn leigugjaldi.

lease²**leiga**² *kv.*

Regluleg greiðsla leigjanda til eiganda fyrir afnot af húsnæði, landi eða öðrum eignum.

rent¹**leiga**³ *kv.*

Fjárhæð greiddrar leigu.

rental²**leiga**⁴ *kv.*

Það að hafa húsnæði eða land til umráða gegn leigugjaldi.

tenancy**leiga á landi** (í þjóðhagsreikningum)→ *fjármunaleiga***rent**²**leigja** *so.***lease**⁴, **rent**⁴**leigugjöld** *hk. ft.***rental expenses****leiguliðakerfi** *hk.* (í hagsögu)**manorial system****leigusali** *kk.***lessor****leigusamningur** *kk.***lease**³**leiguskuldir** *kv. ft.* (í reikningshaldi)**lease liabilities****leigutaki** *kk.***leaseholder, lessee****leigutekjur** *kv. ft.***rental**³, **rental income****leigutími** *kk.**ábúðartími***lease**¹**leikáætlun**¹ *kv.* (í leikjafræði)**behavioral strategy****leikáætlun**² *kv.**áætlun*³**strategy**¹**leikáætlun í þróunarjafnvægi****evolutionary stable strategy****leikjafræði** *kv.***game theory****leikslökagerð** *kv.* (í leikjafræði)

Yfirlit yfir alla hugsanlega leiki og svarandi leikslök.

normal form, strategic form**leikur** *kk.* (í leikjafræði)*skref*

move
leitaratvinnuleysi *hk.*
atvinnuleysi vegna starfaskipta
frictional unemployment, search un-
employment
leitarferli *hk.* (í vinnumarkaðshagfræði)
search process
leitarkostnaður *kk.*
search cost
leitni *kv.* (í tölfræði)
hneigð
 Kerfisbundin breyting tímaraðar til
 minnkunar eða aukningar.
trend
leitniferill *kk.*
trend path
leitnigreining *kv.*
trend analysis
leitniþáttur *kk.*
trend component
leki *kk.*
 Hvað eina sem kemur í veg fyrir að
 ný fjármunamyndun skili sér til fulls í
 þjóðartekjum.
leakage
leppbreyta *kv.*
bundin breyta, skiptibreyta
bound variable, dummy variable
leyfakerfi *hk.*
permit system
leyfavíxl *hk. ft.*
leyfavíxlun
 Gagnkvæm sala eða nýting einkaleyfa.
cross-licensing
leyfavíxlun *kv.*
 *leyfavíxl
cross-licensing
leyfi *hk.*
license¹, permit
leyfileg lausn
gjaldgeng lausn
feasible solution
leyfisveiting *kv.*
licensing

leynd *kv.*
trúnaður
 → bankaleynd, þagnarskylda
confidentiality
leyndar- *fl.*
trúnaðar-
confidential
leynimakk *hk.*
samráð
collusion
lénsskipulag *hk.* (í hagsögu)
feudalism, feudal system
léttur iðnaður
light industry
listaverð *hk.*
skráð verð
list price
líbíðvextir *kk. ft.*
 Vextir sem tilgreindir bankar í Lundún-
 um bjóða öðrum bönkum fyrir lán til til-
 tekis tíma.
LIBID, London Interbank Bid Rate
líborvextir *kk. ft.*
 Vextir sem tilgreindir bankar í Lundún-
 um bjóða öðrum bönkum á lánum veitt-
 um til tiltekis tíma. Þessir vextir eru
 notaðir sem viðmiðun í lánssamning-
 um.
LIBOR, London Interbank Offered
Rate
lífeyrir *kk.*
pension²
lífeyrisgreiðsla *kv.*
annuity³
lífeyriskerfi *hk.*
pension plan²
lífeyrissjóður *kk.*
pension fund
lífeyrisskuldbinding *kv.*
pension obligation
lífræðilegir vextir
biological rate of interest
lífræn formgerð
lífrænt skipulag
organic structure

lífrænt skipulag

*lífræn formgerð***organic structure**lífskjör *hk. ft.***standard of living**líflíkur *kv. ft.***life expectancy**lífsmáti *kk.***lifestyle**líkan *hk.***model**líkindadreifing *kv. (í tölfræði)***probability distribution**líkindadreifingarfall *hk. (í tölfræði)**dreififall, dreifingarfall***distribution function**líkindadreifingarfræði *kv. (í tölfræði)***distribution theory¹**líkindafræði *kv.***probability theory**líkindamarkgildi *hk.***plim, probability limit**líkindi *hk. ft.**líkur²*

Tala á bilinu 0 til 1 sem mælir hve líklegt er að tiltekinn atburður gerist.

probabilitylíking *kv.**jafna¹***equation**líkur¹ *kv. ft. (sem hlutfall)**vinningslíkur***odds¹**líkur² *kv. ft.***líkindi***probability**línufall *hk. (í stærðfræði)**vildarfall¹***affine function**línufæði *hk. (í framleiðslufræði)***line-flow**

línuleg afskrift

straight-line depreciation

línuleg afskriftaraðferð

straight-line method

línuleg bestun

linear programming

línulega háður

linear dependent

línulegt fall

linear functionlínulegur *lo.***linear**

líta eftir

*fylgjast með, vakta***monitor**

lítill og meðalstór fyrirtæki

*→ meðalstórt fyrirtæki, smáfyrirtæki***small and medium-size enterprises,****SME**loftmengun *kv.***air pollution, atmospheric pollution**logit-líkan *hk.**vaxtarlíkan***logit model**lokabirgðir *kv. ft.*

Birgðir í lok tímabils.

closing inventory, ending inventorylokadagur *kk. (samnings o.þ.h.)***maturity date²**

lokað hagkerfi

closed economy

lokað hlutafélag

Hlutafélag sem ekki skráir hlutabréf sín á verðbréfamarkaði. Lög um hlutafélög á Íslandi, í Bretlandi og Bandaríkjunum eru ekki sambærileg. Lokað hlutafélag er ekki til í íslensku lagamáli.

*→ einkahlutafélag, opið hlutafélag***close company (br.), closed company***(br.), closed corporation (am.), closely***held company (br.); private corpora-****tion (am.), private limited company***(br.)*

lokað kerfi

closed system

lokað mengi

closed set

lokað útboð verðbréfa

einkaútgáfa verðbréfa

Verðbréfaútgáfa boðin völdum fjárfestum og yfirleitt ekki skráð á opinberu verðbréfaþingi.

private placement

?lokaður sjóður (í reikningshaldi)

smágreiðslusjóður

Sjóður með tiltekinni fastri upphæð í reiðufé fyrir smágreiðslur og útgjöld hjá fyrirtæki.

imprest², imprest fund, P/C, petty cash

lokafærsla *kv.*

closing entry

lokagjalddagi *kk.*

final maturity

lokajöfnuður *kk.*

closing balance

lokavirði *hk.*

eignarleif

Virði eignar í lok tiltekins notkunar-tíma.

residual value

lokun *kv.*

Það að hætta rekstri.

closure, shutdown

lokunarstaða *kv.*

shutdown point

Lorenz-ferill *kk.*

Mælikvarði á tekjudreifingu.

Lorenz curve

lota *kv.*

batch, lot

lotustærð *kv.*

lot size¹

lóðrétt dreifingarkerfi (í markaðsfræði)

vertical marketing system

lóðrétt samþætting

Sameining hlekkja í sömu framleiðslukeðju innan eins fyrirtækis eða sameining fyrirtækja í sömu markaðs- eða framleiðslukeðju, t.d. hráefnafyrirtækis og úrvinnslufyrirtækis eða sölufyrirtækis og framleiðslufyrirtækis.

→ *lárétt samþætting*

vertical integration

lóðrétt þvingun

Það þegar framleiðandi neitar að skipta við heildsala, eða heildsali við smásala, nema seljandi veiti vöru hans einhvers konar forgang fram yfir vöru annarra framleiðenda.

vertical restraint

lóðréttur samruni

Samruni fyrirtækja í framleiðslukeðju.

→ *láréttur samruni, samruni*

vertical merger

lóðréttur skattjöfnuður

Skattjöfnuður milli tekjuhópa.

vertical equity of taxation

lykilgeta *kv.*

core competence

lykilhagstærð *kv.*

lykilstærð¹

→ *hagvísir*

key aggregate, key economic aggregate, key indicator, main aggregate

lykilhagur *kk.* (í markaðsfræði)

core benefit

lykilstarf *hk.*

key job

lykilstærð¹ *kv.*

lykilhagstærð

→ *hagvísir*

key aggregate, key economic aggregate, key indicator, main aggregate

lykilstærð² *kv.*

lykiltala

key figure

lykiltala *kv.*

lykilstærð²

key figure

lykilvara *kv.*

core product

lýðfræði *kv.*

demography

lýðræði *hk.*

democracy

lýðræðisleg forysta

democratic leadership

Lýðval *hk.*

almannaval

public choice, social choice

Lýðvalsfræði *kv.*

almannavalsfræði, valfræði

public-choice theory, social-choice theory

Lýsitala *kv.* (í tölfræði)

Gildi sem er reiknað út frá athugunum, fengnum úr úrtaki. Ýmist er litið á lýsitölu sem gildi hendingar eða sem tölu fengna með reikniformúlu. Sérhvert mat er lýsitala.

statistic¹

lægð *kv.* (um efnahagsástand)

trough

lægsta hámark

minimax

lægsta lágmark

minimin

lækka verð

Minnka álagningu í smásölu.

mark down

lærdómsáhrif *hk. ft.*

framfaráhrif

learning effect

lærdómsferill *kk.*

framfariferill

learning curve

læringsstaða *kv.*

iðnmámstími

apprenticeship

lög¹ *hk. ft.*

act, statute

lög² *hk. ft.*

law¹

lög og reglur um umhverfisvernd

environmental regulation

lög um lágmarkslaun

minimum-wage law

lög um réttmæta viðskiptahætti

→ *samkeppnislög*

fair-trade law

lögaðili *kk.*

lögpersóna

→ *gera að lögpersónu, stofnun lögpersónu*

corporation² (br.), legal entity, legal person

lögbundin dreifing skattbyrðar

statutory incidence of taxation

lögbundinn *lo.*

lagalegur

statutory

lögbundinn varasjóður

legal reserve

lögengt líkan

forákvarðað líkan, fullvissulíkan

deterministic model

löggegur *lo.*

deterministic

löggilda *so.*

fullgilda

ratify¹, validate

löggiltur endurskoðandi

CA (br.), certified public accountant (am.), chartered accountant (br.), CPA (am.), state authorized public accountant

löggjöf gegn einokun og hringamyndun

anti-trust legislation

lögheimili *hk.*

→ *aðsetur*

domicile

löglegur gjaldmiðill

legal tender

lögmál *hk.*

law²

lögmál afleiddrar eftirspurnar

law of derived demand

lögmál Engels

Engel's law

lögmál Greshams

Gresham's law

lögmál Paretos

Kenning Paretos um að hlutfallsleg tekjudreifing hafi tilhneigingu til að verða sú sama í öllum löndum, óháð því hvaða skatta- og tilfærslukerfi er við lýði.

Pareto's law	tivity
lögmál Says	lögmætur <i>lo.</i>
Kenning um að framboð myndi eigin eftirspurn.	<i>réttmætur</i>
Say's law	legitimate
lögmál Walras (í eindahagfræði)	lögpersóna <i>kv.</i>
Kenning um að sé öllum tekjum þjóðfélags jafnharðan varið til kaupa á gæðum verði heildareftirspurn jöfn heildarframboði.	<i>lögðili</i>
Walras' law	→ <i>gera að lögpersónu, stofnun lögpersónu</i>
lögmálið um eitt verð	corporation² (<i>br.</i>), legal entity, legal person
law of one price	lögtað <i>hk., úrelt</i>
lögmálið um minnkandi afrakstur	Aðfarargerð sem áður var beitt til að fá tryggingu fyrir greiðslu ógoldinna skatta og annarra opinberra gjalda.
law of diminishing returns, law of variable proportions	→ <i>fjárnám</i>
lögmálið um minnkandi jaðarafköst	distrain, distress
law of diminishing marginal produc-	lögvernduð einkasala
	chartered monopoly

M

maður <i>kk.</i>	quantify
Sjá <i>á mann</i> .	magnfesting <i>kv.</i>
magn <i>hk.</i>	<i>magnhæfing</i>
volume¹	quantification
magnafsláttur <i>kk.</i>	magnfrávik <i>hk.</i>
bulk discount, quantity discount	volume variance
magnbagi <i>kk.</i>	magnhæfa <i>so.</i>
<i>óhagkvæmni af magni, óhagkvæmni stærðar</i>	<i>magnfesta, tölubúa</i>
→ <i>stærðarhagkvæmni</i>	Ákvarða eða sýna magn einhvers.
diseconomies of scale	quantify
magnbundin aðferð	magnhæfing <i>kv.</i>
<i>megindleg aðferð</i>	<i>magnfesting</i>
quantitative method	quantification
magnbundinn <i>lo.</i>	magnstýring <i>kv.</i>
<i>megindlegur</i>	quantitative control
quantitative¹	magnvísitala <i>kv.</i>
magnfesta <i>so.</i>	quantity index, volume index
<i>magnhæfa, tölubúa</i>	makindaákvæði <i>hk.</i>
Ákvarða eða sýna magn einhvers.	featherbedding

